Skýrsla frá Rafmagnsveitum Reykjavíkur
maí - júní 1960

Um sumarvinnu í Elliðaánum 1922 -´34
Um ístruflanir í Elliðaánum 1922 -´34
tekið upp úr dagbókum stöðvarinnar.
Um ístruflanir í Ljósafoss-stöð 1942 - 1960

Raforkumálastjóri
Orkudeild
Janúar 1962

Skýrsla frá Rafmagnsveitum Reykjavíkur
maí - júní 1960

Um sumarvinnu í Elliðaánum 1922 -'34
Um ístruflanir í Elliðaánum 1922 -'34
tekið upp úr dagbókum stöðvarinnar.
Um ístruflanir í Ljósafoss-stöð 1942 - 1960

Raforkumálastjóri
Orkudeild
janúar 1962

Sumarvinna

<u>í Elliðaánum 1922 - 1934</u>

<u>Sumarið 1922.</u>

Þótt vart hefði orðið við krapamyndun og stífluhættu vegna grunnstinguls og krapa fyrsta veturinn, 1921 - 1922, var rafmagnsnotkunin svo lítil, að ekki hefði sakað, og nægileg reynsla hafði ekki fengist um það hvernig krapamyndunin hagaði sér.

Inntaksstíflan við Árbæ var aðeins í norðurkvísl ánna og hafði yfirfall í hæð 48 m. Var vatnsdýptin við inntakið aðeins 2 m. Fyllt var upp í þetta yfirfall um sumarið. Var steypt upp í fulla stífluhæð 50,5 m, en nýtt yfirfall gert við suðurenda stíflunnar í hæð 49 m. Var það síðan hækkað um 20 cm með áhleðslu. Batnaði inntakslónið mjög við þessa aðgerð.

<u>Sumarið 1923.</u>

Veturinn áður hafði sýnt, að miklir erfiðleikar gætu orðið í rekstri vegna krapa og grunnstinguls. Var því hafður vinnuflokkur um sumarið við að laga farveg árkvíslarinnar ofan við inntakslónið og fyrirhleðslan fyrir suðurkvíslina treyst. Farvegur árinnar var mjög stórgrýttur í botni og hlóðst þar á grunnstingull og áin bólgnaði ört upp svo að hætta var á, að hún bylti sér yfir í suðurfarveginn framhjá inntaksstíflunni.

Unnið var að því að draga alla stóra steina úr botninum og hlaða þeim í garð á suðurbakkanum. Í farveginn var eftir stórgerð möl, en rennslið yfir hana fremur slétt og jafnt á yfirborði. Verkinu varð ekki lokið um haustið.

<u>Sumarið 1924.</u>

Athyglin hafði veturinn áður einkum beinst að Elliðavatnsengjum. Þar hafði svo oft stíflast, og sumpart fyrir það að dregið hafði úr aðrennsli í Elliðavatn vegna krapastíflna, bæði í Hólmsá og Suðurá, ofan við Elliðavatn.

Byrjað var á undirbúningi undir stíflugerð á mörkum jarðanna Elliðavatns og Vatnsenda. En þar ofan við voru gamlar áveitustíflur, leifar frá búskapartíð Benedikts Sveinssonar, sýslumanns. Fóru fram samningaumleitanir við eigendur Elliðavatns, er leiddi til þess að rafmagnsveitan keypti jörðina 1925. Stíflan var jarðstífla, hlaðin úr snyddu með timburþili í miðju með 2,5 þuml. þykkum plönkum. Flóðgáttir voru gerðar í farvegi Dimmu og Bugðu með stólpum hlöðnum úr grágrýti fellt í sement. Voru plankar 4x4" hafðir til að loka

flóðgáttunum. Við hlið þeirra voru yfirrennslisop, er lokað var með 2,5 þuml. þykkum borðum 6" breiðum. Flóðgáttir og yfirrennslisopin voru byggð um sumarið, en stífla látin bíða að öðru leyti næsta sumars.

Jafnframt var unnið að hreinsun farvegarins áfram upp frá Árbæjarlóni.

Sumarið 1925.

Elliðavatnsstíflan fullgerð.

Unnið áfram að hreinsun farvegarins ofan við Árbæjarlón upp undir vatnsveitubrú.

Aukin innrennslisop í inntaksstíflu úr 2x1,5 $m^2$ upp í 2x3 $m^2$.

Sumarið 1926.

Elliðavatnsstíflan hafði brostið um veturinn, þar sem þéttibilið hætti nálægt norðurenda stíflunnar. Garðurinn stóð það sem þilið náði, en þar norðan við spýttist undirstaðan undan stíflunni og flaut út í árfarveginn fyrir neðan. Sett var tvöfalt þéttiþil með kistulagi nógu langt norður í holtið og stíflan endurbyggð utan um þilin. Stíflan er öll gerð úr snyddu eins og áður var sagt, en hún var nærtæk alls staðar. Grjóthleðsla var höfð á fláanum vatnsmegin halli 2 aftur á móti 1 upp. Forstreymis var snyddufláinn 1:1.

Þetta sumar voru flóðgáttir og yfirrennslisop endurbætt með því að steypa utan um hlaðna grjótstöplana, því grágrýtið var ekki nógu vatnshelt.

Sumarið 1927.

Byggð varðhús við Elliðavatnsstíflu og höfðir tveir menn þar til vörzlu frá okt. til apríl. Símasamband var sett upp milli varðhúss og Elliðaárstöðvar og símalínan jafnframt notuð við hæðarmælingar á vatnsborði Elliðavatns með álestri í Elliðaárstöðinni.

Sumarið 1928.

Inntaks- og Árbæjarstífla stækkuð öðru sinni úr 2x3 $m^2$ upp í 2x6 $m^2$ með því að hækka opin upp undir loft inntaksþróarinnar. Bötnuðu við það verulega innrennslisskilyrðin í inntaksþróna.

Settar voru geiralokur í yfirrennslisopið syðst í stíflunni. Voru þær keyptar frá Noregi, en vélstjórarnir sáu um uppsetningu.

Sumarið 1929.

Lögð ný þrýstivatnsæð frá inntaksstíflu niður til stöðvarinnar 1050 m löng 1,5 að innanmáli járngirt trépípa úr 2,5" þykkum plönkum, þýzk fura.

Sumarið 1930.

Framlengd Árbæjarstífla yfir suðurfarveg ánna og yfirrennslisopin aukin upp í 4 op með geiralokum. Voru tvær hinar síðari geiralokurnar smíðaðar hér í Héðni eftir fyrirmynd hinnar norsku loku, en hafðar nokkru styrkari og norska lokan styrkt einnig.

Var nú hægt að halda inntakslóni í hæð 50 m með rúmlega 4m dýpi við inntaksopin.

Jafnframt voru smíðaðar geiralokur í báðar flóðgáttirnar í Elliðavatnsstíflu í stað trénálanna. Jafnframt voru flóðgáttarstólparnir beggja vegna styrktir með því að steypa enn utan um þá og aftan við til að standa á móti vatnsþrýstingnum, sem á lokunum hvíldi. Hins vegar hafa yfirrennslisplankarnir haldizt, en verið endurnýjaðir jafnóðum, þegar ísinn hefir sagað þá sundur eða brotið.

---

Með þessum aðgerðum hefir tekizt að bægja frá allri hættu af ísingu eða krapastíflunum. Munar þar mestu um Elliðavatnsstíflunar og einkum vetrarvarzla hennar. Stækkun Árbæjarstíflu og dýpkun inntakslónsins var og augljós bót svo og stækkun inntaksopanna.

1930 var rennslið orðið það öruggt að undirbúa mátti aðra stækkun aflstöðvarinnar. Hin fyrri var gerð árið 1923, þegar þriðja vélasamstæðan var sett upp og jók vélaaflið úr 1500 hestöflum upp í 2500.

Þessi næsta stækkun var að því leyti til örðugri, að lengja þurfti stöðvarhúsið út yfir frárennslisskurðinn og jafnframt dýpka hann. Þetta þurfti að gera meðan stöðin var í gangi.

Var frárennslinu lyft upp í stokk og látið renna yfir vinnustaðinn í húsgrunninum meðan sprengt var undir og steypt í. Verk þetta vann Valgeir Jónsson, byggingameistari og fyrrverandi brúarverkstjóri og tókst það með ágætum. Bætt var við 2000 hestafla vélasamstæðu, er tók til starfa á sumrinu 1934.

---

# Ístruflanir

## Útdráttur úr dagbók Elliðaárstöðvar
## árin 1921 - 1927.

### 1921

21/10. Hæg austan átt, bjart veður og 6-8° frost. Stöðvaðist vélin kl. $7^{12}$ sökum vatnsskorts, er stafaði af því að grunnstingull settist í ristarnar. Ristarnar voru hreinsaðar og straumur sendur til Rvk. kl. $8^{40}$. Tveir menn sendir frá Rvk. til að halda ristunum hreinum. Búið var að hreinsa ristarnar um kl. 16 og fóru þá þessir 2 menn heim.

31/10. Norðaustan stormur með 7° frosti. Kl. 9 byrjaði að setjast krap í ristarnar og varð þá að gera ráðstafanir til að hreinsa þær. Kl. $11^{30}$ kom maður frá Reykjavík til þess og hafði hann að mestu við um daginn, en svo varð að fá mann til aðstoðar kl. 19 og um $21^{19}$ var orðið hérumbil ljóslaust vegna vatnsleysis en kl. $21^{55}$ var allt komið í lag aftur. Vörð varð að hafa við þróna alla nóttina til að hreinsa úr ristunum.

1/11. Norðaustan stormur og 9° frost. Tveir menn héldu vörð við þróna til kl. 7; máttu þeir ekki sleppa verkfærunum alla nóttina en kl. 5 hætti krapmyndunin með öllu.

### 1922

8/2. Á milli 5 og 6 fór vatnshæðin að lækka og komst niður í 32 m, var þá farið upp að þrónni hafði lagst krap fyrir ristarnar, var það tekið frá og komst þá allt í samt lag aftur.
Veður: Vestan átt með éljagangi og rigningu eftir kl. 20.
Lofthiti: Mestur 1° Mistur ÷ 1,2°

12/2. Kl. $20^{30}$ settist svo mikið krap fyrir ristarnar í þrónni að vélarnar fóru að hægja á sér; var þá spennustillirinn tekinn úr sambandi og var strax farið upp að þrónni til að taka krapið úr. Ljóslaust varð milli kl. $20^{40}$ og $20^{50}$ en kl. 21 var allt komið í samt lag aftur. Tveir menn voru á verði við þróna.
Veður: Hæg sunnan og suðaustan átt með töluverðri fannkomu eftir kl. 15. Lofthiti: Mestur 0,2° Minstur ÷ 2,2.

13/2. Hinir 2 menn er voru á verði við þróna komu þaðan kl. $4^{30}$ og sögðu þeir allt þá í bezta lagi. Kl. $7^{10}$ fór vatnshæðin aftur að lækka, var þá farið upp að þrónni og komst þá vatnshæðin í sama lag aftur.

Kl. $10^{\underline{00}}$ byrjaði vatnsþrýstimælirinn að falla, var þá farið upp að stíflu og grindur hreinsaðar; kl. 12 kom maður úr bænum til að passa stífluna Kl. 22 fór maður sá, er vörð hafði staðið við þróna, en kl. $23^{\underline{20}}$ byrjaði vatnshæðin að minka aftur. Fóru þá 2 menn upp að þrónni og var allt komið í gott lag kl.24.
Veður: Hæg norðan og norðvestan átt, bjartviðri.
Lofthiti: Mestur ÷ 1° Minstur ÷ 7,9°

14/2. Varð að standa vörð við þróna alla nóttina, til að hreinsa krap úr ristunum. Kl. 11½ kom maður utan úr bæ til að passa stífluna. Nú er kominn grunnstingull í ána.
Veður: Austan átt bjart veður og frost fyrri part dagsins en alskýjað og frostlaust seinni partinn.
Lofthiti: Mestur 0,3° Minstur ÷ 6,5°.

11/3. Kl. $22^{\underline{25}}$ fór að bera á vatnsskorti og var þá strax farið upp að þrónni, ljóslaust varð kl. $22^{\underline{35}}$ og byrjaði aftur að koma kl. $22^{\underline{50}}$ en kl. 23 var spennan það há, af einhverjum ástæðum, að yfirspennuhemillinn leysti úr sambandi. Kl. $23^{\underline{02}}$ var hann settur í samband og full spenna aftur og álag kl. $23^{\underline{10}}$. Kl. $23^{\underline{30}}$ byrjuðu ljósin að dvína aftur, en kl. $23^{\underline{44}}$ var komin full spenna aftur. Orsökin til vatnsskortsins var frost á ristunum. Upp að þrónni fóru Á.G. og B.G. I.E. Ísdal var á verði í stöðinni. Þorbjörn í Ártúni var fenginn til að standa vörð við þróna um nóttina og var B.G. með honum til kl. 2 en Þ.F. til kl. 5. Veður: Norðan hægviðri til kl. 17 en austan átt úr því.
Lofthiti: Mestur ÷ 2,5°. Minstur ÷ 4°.

26/3. Byrjaði vatnshæðarmælirinn að falla kl. $7^{\underline{10}}$ og var þá strax farið upp að þrónni. Ristarnar voru hreinar nema neðst, ekkert yfirfall yfir garðinn en dálítið rensli gegn um lokastigann. Vatnsskorturinn var sökum þess að áin hafði stíflast þar sem norður og suðurárnar koma saman fyrir ofan "Skyggnir", var vatnið orðið það lítið kl. 13 að vatnið var 50 cm. fyrir neðan efri brún yfirfallsgarðsins. Kl. $13^{\underline{20}}$ byrjaði áin að ryðja sig.
Veður: Fremur hæg norðan átt og bjart veður.
Lofthiti: Mestur ÷ 3,0° Minstur ÷ 9,8°.

6/4. Kl. $23^{\underline{50}}$ þann 5. byrjaði vatnshæðarmælirinn að falla, var þá strax farið upp að stíflunni til að hreinsa úr ristunum og var allt komið í lag aftur og fullur straumur kr. $0^{\underline{25}}$, en maður var á verði frá Ártúnum um nóttina og var hann þar til kl. 7.
Áin stíflaðist að mun um nóttina en braut sig fram um kl. 11.
Veður: Norðaustan vindur og fremur létt loft.
Lofthiti: Mestur ÷ 0,5° Minstur ÷ 4°.

10/4. Kl. $3^{\underline{45}}$ byrjaði vatnshæðarmælirinn að falla, var þá strax farið upp að stíflunni til að hreinsa af ristunum. Vatnshæðarmælirinn féll niður í 25 og spennan í 5200 volt. Kl. $5^{\underline{25}}$ byrjaði vatnshæðarmælirinn aftur að falla, var þá strax farið upp eftir og hreinsað af ristunum. Vatnsh.mælirinn féll niður í 32.
Frosið var yfir lónið um morguninn, en þiðnaði alveg um daginn, meðan sólin var hæst á lofti.
Veður: Hæg norðan átt og heiðskírt loft.
Lofth.: Mestur 1° Minstur ÷ 4,8°.

11/4. Kl. $4^{05}$ byrjaði vatnshæðarmælirinn að falla, var þá strax sendur maður upp eftir til að hreinsa af ristunum, vatnshæðin féll niður í 28 og spennan niður í 5500 volt, var allt komið í lag aftur kl. $4^{45}$:
Um kl. 8 fór vatnið í ánni að minka sökum þess að áin stíflaðist fyrir ofan veiðimannahúsin.
Áin braut sig fram á milli kl. 11 og 12. Maður kom frá Rvk. kl. 21 til að standa vörð við þróna.
Veður: Hæg norðan átt og heiðskírt loft.
Lofth. Mestur 1° Minstur ÷ 4,8°.

12/4. Maðurinn, sem kom frá Rvk. í gær kl. 21 var á verði við þróna frá kl. 4 til kl. $7,^{30}$, lítið krap settist á ristarnar en talsvert ísrek var í ánni.
Veður: Hæg norðaustan átt og bjart veður.
Lofth.: M. 5,1° Mistur ÷ 4,6°

30/10. Kl. $13^{05}$ var farið upp að stíflu sökum þess að þá var kuldinn í vatninu orðinn 1,1 stig. Kl. $13^{22}$ fór vatnið að minka og fór þá strax annar maður frá stöðinni upp eftir en grunnstingullinn settist svo fljótt að, að þeir höfðu ekki við að halda ristunum hreinum. Um kl. 15 kom rafmagnsstjóri og 5 menn er höfðu verið að vinna við ána, einnig til hjálpar, en krapið settist þá bæði í ristarnar og eins í op þróarinnar að ekkert varð við neitt ráðið, var þá tekið upp netið er var fyrir framan þróaropin og afrenslislokan þeim megin opnuð til að hleypa krapinu út, en þá kom í ljós að áin var stífluð fyrir ofan; Þar að dimt var orðið var ekki hægt að eiga neitt við að hreinsa úr ánni. Lónið tæmdist alveg. Unnið var til kl. 24 við að hreinsa bæði þróna og ristarnar og síðan lokað fyrir op þróarinnar og sömuleiðis afrenslislokunum. Veður: Norðan stinnings stormur og bjart veður. Hiti: Mestur ÷ 4,7° Minstur ÷ 6,0°.

31/10. Með birtu í morgun var ekki farið að koma neitt vatn í lónið og var því farið upp með ánni og virtist hún aðallega verið stífluð um 2 gamlar áveitustíflur, sem eru sín hvoru megin við hólinn "Skyggnir". Var reynt að brjóta úr þeim eins og hægt var.[1] Vatn fór að renna í árnar um kl. 11 en lónið var ekki fullt fyr en um kl. 15. Kl. $15^{30}$ var vél 2 sett á stað. Veður: Hæg norðan átt bjart veður. Mestur hiti: ÷ 4,2° minstur ÷ 5,6°.

14/11. Kl. 2,08° byrjaði grunnstingull að setjast í ristarnar og fóru þá 3 menn frá stöðinni uppeftir. Spennan féll niður í 2200 V og var þar í 4 mín., þá fór hún að hækka aftur og kl. $2^{32}$ var allt komið í gott lag aftur. Hitinn í ánni var 1° og 0,2° á loftmælir. Staðinn var vörður við þróna það sem eftir var nætur. Kl. 8 var hætt að standa vörð við Þróna sökum þess að ekki hafði borið á krapa síðan í nótt.
Veður: stilt suðvestan og sunnan átt.
Mestur hiti 2,8° Minstur 0,2°

[1] Sennilegt er að stíflast hafi ofan við Elliðavatn, Hólmsá Suðurá eða báðar.

16/11. Í dag voru sett yfir lónið 9 tré tengd saman með keðjum til að stöðva ísrek voru þau sett rétt neðan við laxaskurð. Alls voru tengdar saman 3 raðir af trjám yfir lónið næstu daga.

21/11. Staðið vörð við þróna frá kl. 13-18.
Veður: Suðvestan átt með regni fyrri partinn, síðar norðvestan kaldi með kafaldshryðjum. Hiti: Mestur 3,0° Minstur ÷ 2°.

22/11. Staðið vörð við þróna frá kl. 8. Eftir kl. 10 fór að setjast krap á ristarnar. Kl. 16 komu 2 menn frá Rvk til að vera á verði við þróna, en eftir það settist ekki á ristarnar nema neðst.
Veður: Vestlæg átt með kafaldshryðjum. Hiti: Mestur ÷ 0,5° Minstur ÷ 4,0°.

23/11. Kl. 2 var alveg lagt yfir lónið og hætti þá krapið alveg að setjast á ristarnar. Kl. $7^{\underline{20}}$ var allt í bezta lagi, ekki vottur af krapi og yfirfallið líkt og undanfarna daga. Þá komu 2 menn frá Rvk. Í stað þessara er stóðu á verði í nótt og fóru þeir upp með ánni til að athuga hana. Kl. 13 fóru 4 menn upp með á og komu aftur kl. 18; sögðu þeir ána í bezta lagi og hvergi stífla í henni.
Veður: Stilt norðan átt. Hiti: Mestur ÷ 3,2°, Minstur ÷ 5,4°.

24/11. Kl. 2 var hætt að standa vörð við þróna og var þá allt í góðu lagi.

23/12. Kl. $15^{\underline{02}}$- byrjuðu ljósin að dvína sökum vatnsskorts. Fóru þá strax 2 menn frá stöðinni uppeftir. Þeir A.G. og J. Alex. Kl. $15^{\underline{13}}$ komst vatnshæðarmælirinn niður í 15 m, var hann aftur kominn upp í 25 m og álagið 400 Kw kl. $15^{\underline{45}}$ var allt komið í gott lag aftur. Um sama leitið komu 2 menn frá Rvk til hjálpar og 3. maður frá stöðinni. Frá kl. 16 til $17^{\underline{40}}$ urðu 5 menn stanslaust að vera við að hreinsa úr ristunum og höfðu varla við, en úr því fór krapið að minka og kl. 21 var alveg hætt að setjast ír ristarnar en verðir voru við þróna áfram Kl. $17^{\underline{20}}$ komu enn 2 menn frá Rvk til hjálpar.
Veður: stilt veður og hægur suðaustan kaldi eftir kl. 15 og dálítið kafaldsél eftir 21. Lofthiti: Mestur 0° Minstur ÷ 3,1.

24/12. Staðið var vörð við þróna til kl. 9; hafði þá ekki borið á krapi frá því kl. 21 í gærkvöldi. Lofthiti við þróna kl.9 ÷ 1,7°. Farið var upp að stíflu kl. $10^{\underline{30}}$ og varð þá vart við krap neðst á ristunum að austan verðu. Staðið var vörð við þróna frá kl. 11. Vart var við krap öðru hverju. Kl. 17 komu 2 menn frá Rvk til að standa vörð, Kl. $17^{\underline{20}}$ byrjuðu vatnshæðarmælarnir að falla fóru þá 2 menn frá stöðinni til aðstoðar en vél 1 var tekin úr sambandi. Stilt og bjart veður.

25/12. Tveir menn frá Rvk voru á verði við þróna alla nóttina en eftir kl. 4 bar lítið á krapi á ristunum og eftir kl. 10 hætti það með öllu; var þá lónið lagt að mestu upp fyrir laxaskurð. Veðrið var stilt og frost ÷ 2,8 til ÷ 4°.

28/12. Kl.$17^{30}$ var farið upp að stíflu til athugunar, reynidst þá vera svo mikið krap á ristunum að ekki var óhætt að yfirgefa þær og var rétt hægt að halda þeim hreinum til kl. 21 en þá minkaði svo í þrónni að sást í pípuna. Komu nú 2 menn frá Rvk og einn frá stöðinni og lagaðist þá vatnshæðin. Voru 2 menn á verði til kl. 24.
Veður: Norðaustan átt, stormur fyrri partinn og þykkt loft en hægði með kvöldinu og gerði heiðskírt veður. Hiti: mestur 0°
Minstur ÷ 3,2°.

29/12. Frá kl. 24 voru 2 menn við þróna, höfðu þeir varla við að halda ristunum hreinum en kl. 2 fór vatnið að minka og kl $4^{10}$ var alveg lokað fyrir strauminn, sökum þess að vatnið var að þrjóta í ánni. Kl. 8 voru 5 menn komnir upp með ánni til að reyna að hreinsa hana og var hún aðallega stífluð beggja megin við hólinn "Skyggnir". Um kl. 11 byrjaði áin að renna aftur og kl. $13^{45}$ voru vélarnar settar á stað og fullur straumur kl. $13^{50}$. Voru 5 menn á verði við þróna úr því, sökum þess að dálítið krap settist á ristarnar. Eftir kl. 22 voru 3 menn á verði við þróna.
Veður: Fremur hæg austan átt, bjart veður. Lofth. Mestur ÷ 2,3°
Minstur ÷ 4,8°.

30/12. Voru 3 menn á verði við þróna frá kl. 24. Krap settist á ristarnar til kl. 3, eftir það var ekkert athugavert.
Vörzlu hætt kl. 9.
Veður: Stilt austlæg átt og bjart veður. Lofth.: Mestur ÷ 4,5°
Minstur ÷ 7,8°

## 1923

9/1. Farið upp að stíflu kl. $7^{45}$; ekkert krap á ristunum en vatnshæðin í lóninu lækkandi Kl. 9 var farið upp að þrónni og var vatnið að lækka í lóninu sökum þess að áin hljóp vestur yfir, rétt fyrir neðan veiðimannahúsin Kl. 10 fóru 2 menn frá stöðinni upp eftir til að brjóta hana í réttan farveg aftur og tókst það vel. Kl. 24 komu 4 menn frá Rvk til hjálpar en um það leiti var vatnið í lóninu farið að hækka aftur.
Frá kl. $20^{15}$ var spennan höfð heldur lægri en vant er til að spara vatn.

10/1. Frá Kl. 0 - $1^{30}$ voru 4 menn frá Rvk við að ræsa fram ána. Kl. 9 voru 4 menn frá Rvk komnir upp með ánni til að ræsa hana fram og koma henni í austurfarveginn aftur. Kl. $13^{20}$ komu 4 menn til viðbótar. Kl. 17 var búið að laga ána það mikið að lónið var orðið fullt.

11/1 Frá Kl. 9-17 voru 6 menn frá Rvk við að ræsa fram ána á sama stað og í gær. Fyrri part dagsins fóru 2 menn upp með ánni til að athuga rensiið. Virtist stífla vera í Bugðu fyrir ofan Skyggnir, að öðru leiti var framrenslið í góðu lagi.
Veður: Hæg austan átt, léttskýjað. Frost 4,2° til 7,9°.

12/1. Voru 6 menn frá Rvk. við að ræsa fram ána á sama stað og undanfarið; var nú búið að höggva henni nýjan farveg á því svæði, sem hún rann vestur yfir um daginn, er hann austanvert við kvíslar þær, er hún rann áður í.
Veður: Vestan hvassviðri með éljagangi. Lofth. Mestur ÷ 2,2°
Minstur ÷ 4°

14/1. Farið upp að stíflu kl. 15, var þá farið að lækka í lóninu, allt að hálfum meter. Kl. 15$^{20}$ fóru 2 menn frá stöðinni upp með ánni til þess að gá að hvar hún hefði stíflast, var allt í lagi þanga til mitt á milli Skyggnis og veiðimannahúsanna, þar var áin stífluð. Var hún ræst þar fram og síðan haldið upp með ánni. Við Skyggnir var Bugða í bezta lagi en lítið vatn í Dimmu en engar stíflur voru í henni og við gömlu stífluna var ekki vottur af krapi, héldu mennirnir því heim, enda komið myrkur.
Kl. 19$^{18}$ byrjaði spennan að falla sökum vatnsskorts Frá 19$^{45}$ til kl. 20$^{22}$ var spennan 4000 V. Þá var gert ljóslaust til 20$^{20}$ á meðan skift var um vélar, eftir það var spennan 4000 V.
Vestan stinnings kuldi og éljagangur.

15/1. Kl. 9-18 unnu 3 menn frá Rvk við að ræsa fram ána.
Veður: Minkandi vestan átt, seinna austan kaldi og þykt loft.
Lofth. Mestur 5° Minstur ÷ 1,5°.

25/1. Kl. 18$^{30}$ fóru vatnshæðarmælarnir að falla, fóru þá 2 menn frá stöðinni upp að stíflu og stafaði vatnsskorturinn af því að krap barst inn í þróna að mun. Kl. 10 (22?)komu 5 menn frá Rvk til hjálpar og var hægt að halda öllu í gangi með fullri spennu.
Veður: Vestan kaldi með dálítilli fannkomu.
Lofth.: Mestur ÷ 5,2°. Minstur ÷ 7,5°.

26/1. Voru alltaf 4-8 menn allan sólarhringinn við að hreinsa krap úr þrónni og líta eftir ánum, farið var alla leið upp að vatnshæðarborðinu, sem er í ósnum við vatnið og hafði vatnshæðin lækkað um 5 cm frá 22. þ.m.
Um kl. 20 byrjaði áin að brjótast yfir ísinn nokkuð fyrir ofan laxaskurðinn og rann töluvert yfir ísinn úr þró.
Veður: S.V.kaldi, kafald öðru hverju. Lofth. Mestur 0,0°.
Minstur ÷ 5,7°.

27/1. Voru 4-8 menn allan sólarhringinn við að moka krap upp úr þrónni.
Veður: S.V. og norðan kaldi, létt loft. Lofth. Mestur ÷ 10°.
Minstur 14,3°.

28/1. Voru 8 menn allan sólarhringinn við að halda þrónni hreinni.
Veður: hæg breytileg vindstaða, frost ÷ 11,2 til 14,2°.

29/1. Voru 8 menn við þróna allan sólarhringinn; stilt og bjart veður frost ÷ 5,5 til ÷ 13°.

30/1. Átta menn voru á verði við þróna allan sólarhringinn, barst talsvert krap að öðru hverju.
Veður: Austan stormur og fannkoma en hlánaði seinni partinn og rigndi með kvöldinu. Lofthiti: Mestur 3,6° Minstur ÷ 3,5°.

31/1. Voru 4 menn frá Rvk á verði við þróna frá kl. 0-21, eftir það var hætt að vera þar á verði. Veður: austan kaldi úrkoma öðru hverju. Hiti 3,2 - 4,2°.

2/2. Farið upp að stíflu kl. 14, var þá nokkuð af krapi í þrónni og var því staðinn vörður við þróna frá kl. 16 til $20^{30}$. Stilt veður. Hiti 1-2,1°.

3/2. Fjórir menn á verði við þróna frá kl. 10-17 við að taka krap upp úr henni. Veður: vestan gola. Hiti: ÷ 0,6 til 0,7°

5/2. Kl. $7^{45}$ urðu 3 menn frá stöðunni að fara upp að stíflu, sökum þess að krap var farið að safnast í þróna, kl. 10 komu 5 menn frá Rvk og kl. $1^{04}$ komu 4 menn í viðbót, sökum þess hve mikið kom inn af krapi í þróna og stóðu þeir vörð til kl. 24. Veður: norðaustan stinningskaldi og skafrenningur. Hiti: ÷ 2 - ÷ 5,3°.

6/2. Voru 8-10 menn á verði við þróna og ána allan sólarhringinn, sökum þess að altaf fennti og skóf í hana. Farið var upp að vatninu og var nú vatnshæðin 0. Nokkur tregða virtist vera á rennsli árinnar, frá ósnum niður að áveitustíflunni, en megnið af þeirri leið var áin undir ís. Nokkur tregða var á vatninu allan daginn en fór heldur að lagast eftir kl. 19. Veður: norðaustan stinnings kaldi, seinna léttskýjað og skafrenningur. Hiti: ÷ 1,4 til ÷ 5.6°.

7/2. Fjórir menn voru á verði við þróna frá 0-8, en þá komu 14 menn til þess að taka vök í ísinn á lóninu eftir því miðju og unnu þeir til kl. 17.
Veður: norðaustan kaldi þykkt loft. Hiti ÷ 0,4° til ÷ 1,8°.

8/2. Voru 14 menn við að höggva ís á lóninu frá kl. 8-17.

9/2. Voru 5 menn að vinna við ísinn á lóninu frá kl. 9-17.

24/2. Kl. $6^{50}$ byrjuðu ljósin að dofna sökum vatnsskorts, fóru 2 menn þá strax upp að þrónni til að hreinsa ristarnar. Ljóslaust frá kl. $6^{52}$ til kl. $7^{07}$. Full spenna komin aftur kl. $17^{12}$. Voru 3 menn frá stöðinni við þróna til kl. $9^{30}$, þá kom maður frá Rvk og var á verði til kl. 15.
Veður: austan gola og léttskýjað. Hiti: 1,o til 4,4°.

25/2. Kl. $4^{28}$ var byrjað að tæma pípuna til þess að ná upp þremur plönkum er soguðust niður í þær í gærmorgun og til þess að hreinsa möl og torf úr þrónni, er hafði safnast fyrir framan ristarnar, var verki þessu lokið kl. $6^{48}$ og fullur straumur þá settur á aftur. 6 menn frá Rvk unni við hreinsunina.

27/2. Kl. $4^{55}$ byrjuðu ljósin að dofna, sökum vatnsskorts, var þá strax farið upp að þrónni. Spennan féll niður í 5000 v. Full vatnshæð komin aftur kl. $5^{12}$ en vörður var áfram við þróna. Kl. 7 fór að berast svo mikið að af krapi að 2 menn höfðu ekki við að halda ristunum hreinum og vatnið fór minkandi í ánni. Kl. 8 komu 3 menn frá Rvk til hjálpar.
Kl. 9 fóru 2 menn upp að Skyggni og var Bugða stífluð þar, en

Dimma var stífluð við gömlu áveitustífluna. Þegar búið var að brjóta báðar stíflurnar, komst gott lag á árnar aftur. Kl. 13 var lónið orðið fullt en 2 menn voru á verði við þróna til kl. 17. Á meðan lítið vatnsmagn var, hélst spennan í 5000 V.
Veður: austan hægviðri, heiðskírt. Hiti: ÷ 1,3 til ÷ 3,2°.

28/2. Þrír menn frá Rvk. voru á verði við þróna frá kl. 0 Kl. 2 urðu 2 menn að fara upp að Skyggni sökum þess að áin var orðin stífluð, en 2 voru við þróna; höfðu árnar á sama stað og í gærmorgun. Mennirnir komu aftur um kl. 5 en kl 7 urðu þeir að fara aftur uppeftir, sökum þess að vatnið fór aftur minkandi. Komu þeir niður að stöð um kl. 11. Var engin vörður staðinn við þróna eftir það.
Veður: hæg austan átt, heiðskírt. Hiti ÷ 2,5 til + 4,1°.

1/3. Voru þrír menn frá Rvk. á verði við þróna frá kl. 0 - $8^{30}$ en ekkert varð athugavert, hvorki við þróna né ána alla nóttina.
Veður: hægur austan andvari, heiðskírt. Hiti: 2,2° Mestur, Minstur ÷ 4°.

11/6. Kl. $9^{48}$ fóru vatnshæðarmælarnir að falla, var maður þá strax sendur upp eftir til að loka fyrir. Spennan féll niður í 3600 volt. Kl. $10^{24}$ var komin full spenna aftur. Vatnsskorturinn stafaði af því, að spænir og spýtnarusl frá brúarsmiðunum við efri veiðimannahúsin hafði sezt í netið fyrir framan þróaropin. Netið var tekið burtu.

28/10. Farið upp að stíflu Kl. 7,15, var þá svo mikið krap á ristunum að ekki var óhætt að fara frá þrónni. Staðið var vörð til kl. 10, bar ekki á krapi eftir það. Lofthiti var ÷ 3,2°.

1/11. Þrír menn urðu að vera á verði við þróna frá kl. 9-11. Vatnshæðin fór minkandi frá kl. 11 og var því maður sendur upp með ánni kl. 14 og þá kom í ljós að bæði hafði Bugða stíflast af frostinu og einnig hafði áveitustífla verið sett í hana. Kl. 18-23 fór vatnið stöðugt smá minkandi og fóru þá 2 menn upp með ánni. Kl. $23^{30}$ byrjaði vatnshæðin að hækka aftur. 4 menn voru á verði við þróna til kl. 24.
Veður: stilt veður og heiðskírt. Lofth.: Mestur 3,1° Minstur ÷ 3,5°.

2/11. Mennirnir, sem fóru upp með ánni komu aftur kl. $2^{30}$, urðu þeir varir við smá stíflur í Dimmu og hreinsuðu þær úr.
Fjórir menn voru á verði við þróna frá kl. 0-$8^{30}$.
Veður: austan gola og snjókoma öðru hverju. Lofth. Mestur 1,1 Minstur ÷ 1,5°.

4/11. Staðinn vörður við þróna frá kl. $6^{30}$ - $9^{00}$. Farið var upp að stíflu kl. 20, hafði lækkað töluvert í lóninu og virtist fara lækkandi. Fimm menn voru á verði við ána frá kl. 20-24.
Veður: stilt og léttskýjað. Lofth. Mestur ÷ 1,1 Minstur ÷ 6,9°

5/11. Fimm menn voru á verði við ána frá kl. 0-$2^{30}$ og frá kl. 7 til $24^{00}$ voru frá 8 til 14 manns við ána.
Veður: Stilt veður heiðskírt. Lofth.: mestur ÷ 0,8 Minstur ÷8,0°

6/11. Voru 6-10 menn á verði við ána og stífluna frá kl. 0-17
Veður: austan kaldi snjókomuvottur. Lofth.: Mestur ÷ 0,7
Minstur ÷ 7,0°.

12/11. Voru 6 menn á verði við ána frá kl. 8-17, en 3 menn voru á
verði við stífluna og þróna frá kl. 17-24. Aðeins vottaði
fyrir grunnstingul á ristunum að öðru hvoru. Kl. 20$^{48}$ varð að
stöðva vélarnar sökum vatnsskorts, fóru þá 4 menn upp með
ánni upp að áveitustíflunni í Dimmu, var áin stífluð þar, var
stíflan brotin og vatn komið í lónið aftur. Kl. 23$^{48}$. Vél I
var þá sett á stað og var spennan frá 4000-5000 V. um nóttina til
að safna vatni.
Veður: norðan kaldi léttskýjað. Lofth.: Mestur ÷ 11 Minstur÷ 10,

13/11. Voru 2 menn á verði við ána frá 0-6, eftir það 12 menn við að
ræsa fram ána til kl. 17 en 9 menn frá 17.24 var aðallega unnið
við ána á móts við Hólm og Geitháls, ekkert bar á grunnstingul á
ristunum.
Veður: norðaustan gola léttsk. Lofth. Mestur ÷ 8,0° Minstur ÷ 11,

14/11 Voru 6-8 menn á verði við árnar frá 0-24. Voru við þróna frá
kl. 17-24°. Veður: stillt veður, heiðsk. Lofth. Mestur ÷ 10°
Minstur ÷ 13°.

15/11. Voru 6 menn á verði við árnar frá 0-17. Vörður við þróna frá
17-24. Veður: Stilt veður skýjað. Lofth. Mestur ÷ 4,0 Minstur
÷ 13,5°.

16/11. Voru 8 menn á verði við ána frá kl. 7 til 17. Vörður staðinn við
þróna frá kl. 17-24. Veður: norðan kaldi skýjað. Lofth. Mestur
1,0 Minstur ÷ 4,1°.

17/11. Var maður á verði við ána frá kl. 8 til 17. Vörður við ána
frá Kl. 17-24. Veður: Stilt veður lítilsháttar snjókoma.
Lofth. Mestur 1,5° Minstur ÷ 3,5°.

18/11. Var maður á verði við stífluna og þróna frá kl. 14,24
Veður: norðan andvari léttsk. Lofthiti: Mestur 0,0 Minstur ÷ 2,6

19/11. Voru 4 menn á verði við ána frá kl. 8-17. Vörður staðinn við
stífluna frá kl. 17-24. Veður: logn, heiðskírt. Lofth. Mestur
÷ 1° Minstur ÷ 6,7°

20/11. Sex menn á verði við ána frá kl. 14 - 18. Vörður við þróna frá
kl. 17-24. Veður: Stilt og bjart veður. Lofth. Mestur ÷ 1,8°
Minstur ÷ 4,0°

21/11. Fjórir menn á verði við ána frá kl. 8-17. Vörður við þróna
frá kl. 17-24. Veður: logn og heiðskírt. Lofth. Mestur ÷ 4,0°
Minstur ÷ 8,0°.

22/11. Voru 4 menn á verði við ána frá kl. 8-17. Vörður við þróna
frá kl. 17-24. Veður: Stilt veður fremur léttskýjað. Lofth.
Mestur ÷ 3,9° Minstur ÷ 5,8°

23/11. Þrír menn á verði við ána frá 8-17. Vörður við þróna frá 17-24. Veður: Logn, skýjað lítilsháttar úrkoma. Lofth. Mestur 3,o° Minstur ÷ 1,7°.

24/11. Staðið vörð við þróna frá kl. 17-24. Veður: austan gola, skýjað. Lofthiti: Mestur 1,1° Minstur ÷ 0,2°.

26/11. Vörður við þróna frá kl. 16-24. Veður austan gola, skýjað. Lofthiti Mestur 2,0° Minstur 0,2°.

27/11. Voru 2 menn á verði við ána og þróna frá kl. 17-24. Veður: austan gola skýjað. Lofth. Mestur ÷ 1,0° Minstur ÷ 2,7°.

28/11. Voru 5 menn á verði við ána frá kl. 8 - 17 og 2 menn frá kl. 17-24. Stíflast hafði nokkuð á boganum við "Elliðavatn" í morgun. Veður: austan kaldi, skýjað. Lofth. Mestur ÷ 0,5 Minstur ÷ 3,0.

29/11. Voru 5 menn á verði við ána frá kl. 8-17 og 2 menn frá 17-24. Veður: austan kaldi skýjað. Lofth. Mestur 3,1 Minstur ÷ 2,0°

30/11. Var maður á verði við ána frá kl. 8-15. Vörður við þróna frá kl. 17-19. Veður: Suðaustan stormur með úrkomu, seinna sunnan kaldi með úrkomu öðru hverju. Lofth. Mestur 4° Minstur 1,1°.

1/12. Var maður á verði við ána frá kl. 7.22. Veður: vestan kaldi skýjað. Lofth. Mestur ÷ 1,0 Minstur ÷ 3,6°.

2/12. Var maður á verði við ána frá kl. 4 til 9 og menn frá kl. 18-24. Veður: norðan kaldi léttskýjað. Lofth. Mestur ÷ 2,0° Minstur ÷ 5,4°.

3/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 0-6 en 6 menn voru við þær frá kl. 8-17 og 2 menn aftur frá kl. 17-24. Um kl. 8 um morguninn fór rennslið í ánum að minka og þvarr alveg kl. 9-11 sökum þess að árnar höfðu stíflast bæði við gömlu áveitustífluna í "Dimmu" og eins fyrir ofan vatn á ýmsum stöðum.
Veður: Stilt veður, heiðskírt. Lofth. Mestur ÷ 2,0° Minstur ÷ 6,2°. Straumlaust var frá kl. $9^{15}$ til $12^{45}$.

4/12. Fjórir menn voru á verði við árnar frá kl. 0-7 og 8 menn frá kl. 7-17 og 2 menn frá kl. 17-24.
Veður: Stilt og bjart veður: Lofth. Mestur ÷ 2,0° Minstur ÷ [illegible]°

5/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 0-7 og 8 menn frá kl. 7-17. Vörður við þróna frá kl. 17-24.
Veður: vestan kuldi, seinna austan andvari skýjað. Lofth. Mestur 0,0 Minstur ÷ 5,8°.

6/12. Tveir menn voru á verði við árnar frá Kl. 0-8 og 8 frá kl.8-17. Tveir frá kl. 17-24. Vörður við þróna frá kl. 17-23.
Veður: norðan og norðaustan gola, skýjað. Lofth. Mestur 1,1° Minstur ÷ 5,5°.

7/12. Voru 2 menn á verði við ána frá kl. 0-7. 8 menn frá kl. 7-17 og 3 menn frá kl. 17-24. Voru menn þessir aðallega fyrir ofan vötn og um nóttina við "Dimmu" og steinbogan við vatnið. Veður: norðan kaldi og gola, léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 4,0° Minstur ÷ 7,2°.

8/12. Voru 3 menn á verði við árnar frá kl. 0-7. 8 menn frá kl. 7-17 og 2 menn frá kl. 17-24. Vörður við þróna frá kl. 17-21. Veður: norðan og norðaustan andvari og heiðskírt; seinna austan stormur og skafrenningur. Lofthiti Mestur ÷ 2,5° Minnstur ÷ 12,6°

9/12. Voru 2 menn á verði frá kl. 0-8 og 8 menn frá kl. 8-13. Veður: sunnan og suðaustan kaldi með úrkomu öðru hverju. Lofthiti: Mestur 3,2° Minstur 2,0°.

13/12. Fóru 3 menn frá stöðinni upp með ánni kl. 21, hafði fent í hana á sléttunni fyrir ofan rauðu húsin og var hún stífluð þar en alveg stífluð á steinboganum við vatnið og var vatnshæðin í Dimmu ca. 8 cm. lægri en vanalega. Spennan var 4200 volt eftir kl. 21 vegna vatnsskorts. Veður: Logn framan af seinna vaxandi austan átt með fannkomu, síðar rigning. Lofth. Mestur 1,5° Minstur 0,5°.

14/12. Voru 7 menn á verði við árnar frá kl. 8-17. Vörður við þróna frá kl. 19-20. Veður: norðaustan kaldi fremur léttskýjað. Lofthiti Mestur ÷ 0,5° Minstur ÷ 3,0°.

15/12 Einn maður var á verði við ána frá kl. 7-16. Veður: sunnan og suðaustan gola með úrkomu öðru hverju. Lofthiti: Mestur 4,0 Minstur 0,5°.

17/12. Voru 4 menn á verði við ána frá kl. 8-17. Veður: austan gola með fannkomu eftir það úrkomulaust en skýjað. Lofth. Mestur 0,0 Minstur ÷ 2,9°.

18/12. Var 1 maður á verði við ána frá kl. 24-7. Fimm menn voru frá kl. 7-17 og 4 frá kl. 17-24. Spennufall var frá kl. 12. Veður: stilt veður og heiðskírt. Lofthiti: Mestur ÷ 4,0° Minstur ÷ 11,2°.

19/12. Fjórir menn voru á verði við árnar frá kl. 0-7. Níu menn frá Kl. 7-17. Við þróna var vörður frá kl. 17-21. Veður: austan andvari og heiðskírt, en þykknaði upp með kveldinu. Lofth.: Mestur ÷ 4,0° Minstur ÷ 11,3°.

20/12. Þrír menn voru á verði við árnar frá kl. 7-10. Veður: austan kaldi og skýjað framan af, seinna fannkoma og síðan rigning. Lofth.: Mestur 2,5 Minstur ÷ 4,0°.

21/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 20-24. Vörður við þróna frá kl. 17-23. Veður: suðaustan gola og skýjað. Lofthiti Mestur 4,5 Minstur ÷ 3,2°

22/12. Voru 2 menn á verði við ána frá kl. 0-8 og 9 menn frá kl. 8-17. Vörður við þróna frá kl. 17-24. Veður: Stilt veður, skýjað og lítilsháttar snjókoma. Lofth. Mestur 0,5° Minstur ÷ 3,1°.

24/12. Voru 6 menn á verði við ána frá kl. 8-17. Vörður við þróna frá kl. 17-22. Veður: stilt og bjart. Lofth. Mestur ÷ 6,0° Minstur ÷ 9,6°.

25/12. Fimm voru á verði við ána frá kl. 8-12. Veður: austan kaldi, skýjað. Lofthiti Mestur 0,5° Minstur ÷ 3,4°.

## 1924

10/1. Kl. $9^{10}$ lækkaði spennan niður í 5600 V. sökum ístruflana við þróna. Kl. $9^{20}$ var full spenna aftur. Tveir til þrír menn frá stöðinni voru á verði við þróna frá kl. 9-11. Eftir það 1 maður við þróna, en annar fór upp með á. Spennan lækkaði að mun frá Kl. $18^{45}$ - 23. Vatnsskorturinn stafaði af stíflu í áveitustíflugarðinum í "Dimmu". Tveir menn voru á verði við ána frá kl. 18-24.
Stilt veður og næstum heiðskírt. Lofth. Mestur 1,1° Minstur ÷ 4,5°.

11/1. Voru 2 menn á verði við ána frá kl. 0-14. Vörður við þróna frá kl. 0-7. Veður: Stilt og bjart veður framan af, seinna suðaustan stormur og krapaél.

12/1. Tveir menn á verði við ána frá kl. 6 - 24. Vörður við þróna frá kl. 18-24. Veður: Stilt veður og fremur létt loft. Lofthiti 1,1 til ÷ 1,4°.

13/1. Vörður við þróna frá kl. 17-22. Tveir menn á verði við ána frá kl. 0-17 og 07-24, en 7 menn frá 7-17. Veður: Logn og heiðskírt. Lofth. Mestur ÷ 3,1° Minstur ÷ 4,9° .

14/1. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 0-7 og kl. 17-24 en 7 menn voru á verði milli kl. 7 og 17. Vörður við þróna öðru hverju frá kl. 17-20. Veður: Austan andvari, heiðskírt. Lofthiti Mestur ÷ 2,0 Minstur ÷ 5,6°.

15/1. Vörður öðru hverju við þróna frá kl. 17-20. Tveir menn voru á verði við ána frá kl. 0-7 og 7 menn frá kl. 7-17. Veður: stilt veður og heiðskírt. Lofth.: Mestur ÷ 1,5° Minstur ÷ 7,0°.

16/1. Sjö menn voru á verði við þróna frá kl. 7-17 en öðru hverju eftir það til kl. 20. Veður: Logn eða austan andvari, heiðskírt. Lofth. Minstur ÷ 0,5° Mestur ÷ 6,5°.

17/1. Voru 4 menn á verði við ána frá kl. 7-17. Vörður við þróna frá kl. 17-20. Veður: Logn eða austan andvari, skýjað. Lofthiti: Mestur 2,5° Minstur ÷ 1,2°.

19/1. Voru 5 menn á verði við ána frá kl. 15-24. Veður: austan gola, léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 1,6 Minstur ÷ 4,1$^{o}$.

20/1. Fimm menn voru á verði við ána frá kl. 0-7. Veður: logn og heiðskírt. Lofthiti Mestur ÷ 1,8$^{o}$ Minstur ÷ 4,8$^{o}$.

5/2. Voru 2 menn á verði við ána og þróna frá kl. 5-14. Kl. 11 stíflaðist að mun framrennslið við Dimmu en var ræst fram áður en það kæmi að sök.

14/2. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 22-24. Veður: vestlægátt, létt loft. Lofthiti: Mestur 1,5$^{o}$ Minstur ÷ 4,5$^{o}$.

15/2. Kl. $0^{\underline{12}}$ féll vatnshæðin niður í 15 m. og spennan í 4800 volt, sökum þess að krap hafði sest í ristarnar. Full vatnshæð og spenna komin kl. $0^{\underline{20}}$. Tveir menn voru á verði við þróna frá kl. 0-7. Veður: Austan gola og léttskýjað framan af, seinna austan kaldi og skýjað. Lofthiti: Mestur 5,5$^{o}$ Minstur ÷ 3,0$^{o}$.

17/2. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 22-24. Veður: Logn og skýjað, seinna vestan kaldi og léttskýjað. Lofthiti: Mestur 2,4$^{o}$ Minstur ÷ 1,6$^{o}$.

18/2. Tveir menn á verði við þróna frá Kl. 0-7. Veður: austan og suðaustan gola, skýjað,seinna úðarigning. Lofth. Mestur 4,9 Minstur ÷ 1,2$^{o}$.

20/2. Voru 2 menn á verði við ána frá kl. 22-24. Við prófun á krap-vatni reyndist hiti + 0,2$^{o}$. Veður austan andvari, snjókoma milli kl. 4 og 5, annars logn og léttskýjað. Lofthiti Mestur 2,6$^{o}$ Minstur ÷ 2,6$^{o}$

21/2. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-7. Veður: austan gola, skýjað. Lofth. Mestur 3,2$^{o}$ Minstur ÷ 0,7$^{o}$.

26/2. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 20-24. Veður: austan andvari seinna norðvestan kaldi léttskýjað. Lofth.: Mestur 5,0$^{o}$ Minstur ÷ 2,0$^{o}$.

27/2. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-9. Mesta frost við þróna í nótt ÷ 4,0$^{o}$.

28/2. Kl. tæplega 20 var settur vörður við stífluna og 15 mín. síðar voru sendir 2 menn til aðstoðar með því útlit var fyrir að grunnstingull mundi setjast í ristarnar. Kl. $20^{\underline{30}}$ byrjaði vatnshæðin að falla, var þá vél I tekin og spennan látin falla þar til vatnshæðin byrjaði að aukast aftur. Kl. 21 var komin full vatnshæð og spenna. Kl. $21^{\underline{20}}$ féll vatnshæðin aftur og tókst ekki að ráða bót á því fyr en eftir kl. $23^{\underline{30}}$ enda þótt enn hefði verið bætt 2 mönnum við á stífluna. Spennan var á þessu tímabili 3600-5200 volt. Vörður við þróna til kl. 24. Veður: norðaustan stinningskaldi létt loft. Lofth. Mestur 3,4$^{o}$ Minstur ÷ 8,5$^{o}$.

29/2. Fjórir menn á verði við þróna frá kl. 0-11 en 1 maður frá kl. 11-24. 2 menn á verði við Dimmu frá kl. 0-11 en 3 menn frá kl. 11-24. Lagt var yfir lónið kl. 4 í nótt og bar lítið á krapi eftir það og alls ekkert eftir kl. 8. Ósinn í Dimmu allagður kl. 7. Minnsti hiti í nótt var ÷ 15,5°. Veður: norðaustan stinnings kaldi.

1/3. Voru 3 menn á verði við árnar frá kl. 0-8. Fimm menn frá kl.8-18 og 2 menn eftir það til kl. 24. Veður: norðan stormur og léttskýjað fyrst, seinna norðaustan gola og logn heiðskírt. Lofth. Mestur ÷ 5,8° Minstur ÷ 10,9.

2/3. Voru 2 menn á verði við árnar frá Kl. 0-16. Mesta frost í nótt var ÷ 10,5. Veður: norðaustan andvari, léttskýjað.

3/3. Voru 4 menn á verði við árnar frá kl. 8-18. Veður: norðaustan andvari, heiðskírt. Lofth.: mestur ÷ 5,0° Minstur ÷ 9,2°.

4/3. Voru 4 menn á verði við árnar frá kl. 7 til 18. Veður: norðausta andvari, heiðskírt. Lofth.: Mestur ÷ 4,0° Minstur ÷ 10,4°.

5/3. Voru 5 menn á verði frá kl. 7-18 við árnar og 2 menn við þróna frá kl. 18-24. Nokkur tregða var á vatnsrenslinu í ánni eftir kl. 22, vegna þess að fent hafði í ána fyrir neðan rauðu húsin. Veður: austan stormur og snjókoma frá kl. 17-22. Lofth.: Mestur ÷ 4,o° Minstur ÷ 11,0.

6/3. Voru 5 menn á verði við árnar frá kl. 7-18, fullt rensli komið í árnar aftur kl. 8. Veður: austan stormur og seinna kaldi með éljagangi. Lofth.: Mestur ÷ 1,o° Minstur ÷ 2,4°.

7/3. Voru 5 menn á verði við árnar frá kl. 7-18. Veður: norðvestan gola með snjókomu frá kl. 14-17. Lofth.: Mestur ÷ 0,1 Minstur ÷ 1,5°.

8/3. Voru 5 menn á verði við árnar frá kl. 7-18 og 2 menn frá kl.22-24. Veður: norðaustan andvari, léttskýjað. Lofth. Mestur 0,4° Minstur ÷ 5,4°.

9 /3. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 0-9 og aftur 21-24 Veður: austan andvari léttskýjað. Lofthiti Mestur 0,3 Minstur ÷ 7,6.

10/3. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-16, vörður við þróna frá kl. 16-20. Veður: snarpur austan vindur, skýjað. Lofthiti: Mestur 0,8° Minstur ÷ 5,4°.

15/3. Voru 2 menn frá Rvk. á verði við þróna frá Kl. 20. Kl. 21$^{38}$ varð að lækka spennuna vegna vatnsskorts, er stafaði af grunnstingl á ristunum; fóru þá 3 menn úr stöðinni til hjálpar. Kl. 23 var komin full spenna aftur og um sama leyti komu 3 menn frá Rvk. til hjálpar og voru á verði til kl. 24. Veður: vestan andvari og logn, heiðskírt. Lofthiti: Mestur 1,4° Minstur ÷ 6,0°.

16/3. Voru 5 menn á verði við þróna frá Kl. 0-8. Sex menn á verði við árnar frá kl. 8-13. Tveir menn á verði við þróna frá kl. 20-24. Veður: Logn og heiðskírt framan af, en þykknaði upp er á daginn leið. Lofth. Mestur 1,2° Minstur ÷ 9,1°.

17/3. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-7. Veður: austan andvari og þykkt loft, seinna logn og bleytukafald. Lofthiti Mestur $1,7^\circ$ Minstur ÷ $2,0^\circ$.

19/3. Voru 4 menn á verði við árnar frá Kl. 20-24. Veður: austan andvari og logn, lítilsháttar snjókoma seinna austan andvari og heiðskírt. Lofth.: Mestur $1,6^\circ$ Minstur ÷ $6,0^\circ$.

20/3. Voru 4 menn á verði við þróna og árnar frá kl. 0-8. og 2 menn frá kl. 8-12. Grunnstingull settist á ristarnar alla nóttina. Þrír menn voru á verði við árnar og þróna frá kl. 19-24, Veður: austan gola og andvari, heiðskírt. Lofthiti: Mestur $1,2^\circ$ Minstur ÷ $4,3^\circ$.

21/3. Voru 3 menn á verði við árnar og þróna frá kl. 0-16. Veður: aust. gola og heiðskírt. Lofth. Mestur $1,2^\circ$ Minstur ÷$8,5^\circ$.

7/4. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. $19^{\underline{30}}$ til $24^{0}$. Veður: Stilt veður og snjókoma seinna úrkomulaust en skýjað. Lofthiti: Mestur $1,0^\circ$ Minstur ÷ $4,0^\circ$.

8/4. Voru 2 menn á verði við þróna frá 0-10 og 3 menn frá kl. 19-24. Veður: Norðaustan gola léttskýjað. Lofth. Mestur ÷ 2,1 Minstur ÷ $7,2^\circ$.

9/4. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 0-9 og frá kl. 20-24. Veður: austan andvari léttskýjað, vaxandi skýjahula eftir kl. 20. Lofthiti: Mestur $0,0^\circ$ Minstur ÷ $8,9^\circ$.

10/4. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-8. Veður: austan gola skýjað. Lofthiti Mestur $0,3^\circ$ Minstur ÷ $4,5^\circ$.

11/4. Var 1 maður á verði við árnar frá kl. 0-9 og 2 menn frá kl. 19-24. Veður: austan gola, léttsk. Lofth. Mestur $1,8^\circ$ Minstur ÷ $6,8^\circ$.

12/4. Voru 2 menn við þróna frá kl. 0-8, bar lítilsháttar á grunnstingul frá kl. 6-$7^{\underline{30}}$. Þrír menn voru á verði við árnar frá kl. 19-24. Veður: austan gola léttskýjað. Lofthiti: Mestur $0,7^\circ$ Minstur ÷ $5,6^\circ$.

13/4. Kl. $0^{\underline{40}}$ fór vatnshæðin að minka, sökum ístruflana við þróna, fóru þá strax 2 menn frá stöðinni upp eftir til aðstoðar. Kl. $1^{\underline{21}}$ var spennan lægst kringum 4600 V. kl. $1^{\underline{30}}$ var spennan 5800 V. en kl. $2^{\underline{25}}$ varð að lækka hana aftur og var hún lægri en 5000 V. á tímabilinu frá kl. 3-8 en komst lægst í 2000 V. Eftir kl. 7 voru stöðugt 7 menn við þróna, en svo mikið barst að af krapi að ekki varð við neitt ráðið. Intökuopin á þrónni stífluðust hvað eftir annað. Vörður var við þróna til kl. 12 og frá kl. 19-24 voru 6 menn. Veður: austan og norðaustan gola, léttskýjað. Lofthiti Mestur $3,5^\circ$ Minstur ÷ $5,1^\circ$.

14/4. Voru 6 menn á verði frá Kl. 0-$8^{30}$. Nokkuð bar á grunnstingli á ristunum frá kl. 2-7 en ekkert úr því. Dimma stíflaðist alveg á 7. tímanum en var samstundis ræst fram. 2 menn voru á verði við árnar frá kl. 19-24. Veður: hæg austan átt léttskýjað. Lofthiti: Mestur 5,0° Minstur ÷ 3,1°.

15/4. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 0-8 og aftur frá kl. 20-24. Veður: Hæg austan átt, heiðskírt. Lofthiti Mestur 7,0° Minstur ÷ 4,0°.

16/4. Voru 2 menn á verði við árnar frá 0-7. Veður austan gola skýjað, seinna snjókoma. Lofthiti: Mestur 6,0° Minstur ÷ 0,8°.

23/4. Tveir menn á verði við þróna frá kl. 21-24. Veður: norðaustan kaldi, léttskýjað. Lofthiti: Mestur 2,8° Minstur ÷ 3,4°.

24/4. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-7 og frá kl. $22^{32}$ til 24. Veður: norðaustan kaldi léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 0,9 Minstur ÷ 4,3°.

25/4. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-8. Kl. 1 var það mikill grunnstingull á ristunum, að 2 menn frá stöðinni urðu að fara til aðstoðar og voru þeir þar til kl. 4. Ekkert bar á krapi eftir kl. 5. Veður: austan og norðaustan gola fremur léttskýjað. Lofthiti Mestur 4,1 Minstur ÷ 4,0.

22/11. Straumlaust frá kl. $19^{37}$ sökum ístruflana við þróna. Spennan lægri en 6000 V. frá kl. $19^{33}$ til $20^{55}$ 2 menn á verði við þróna frá kl. $19^{45}$ til kl. 24. Veður: austan og suðvestan gola, snjókoma öðru hverju. Lofthiti: Mestur ÷ 0,5° Minstur ÷ 2,9°.

23/11. Voru 2 menn á verði við þróna frá k. 0-24, Varð vart við grunnstingul á ristunum öðru hverju. Veður: austan gola snjókoma framan af ; seinna léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 0,5° Minstur ÷ 3,0°.

24/11. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-17. Sex menn frá kl. 17-22 og 2 menn frá kl. 22-24; varð vart við krap öðru hverju. Veður: austan gola og skýjað fyrst, síðar austan andvari, heiðskírt. Lofthiti: Mestur ÷ 2,6o Minstur ÷ 8,6°.

9/12. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 20-24. Veður:stilt veður með úrkomu, seinna suðaustan gola og snjókoma. Lofthiti: Mestur 3,9° Minstur 0,8°.

10/12. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-6. Veður: suðaustan kaldi, snjókoma öðru hverju. Lofth. Mestur 1,9o Minstur ÷ 0,8°.

14/12. Voru 4 menn á verði við þróna frá kl. 17-24. Veður : stilt veður, léttskýjað. Lofth. Mestur 1,o° Minstur ÷ 3,0°.

15/12. Voru 4 menn á verði við þróna frá kl. 0-9 og 2 menn frá kl. 17-24. Veður: austan gola og snjókomuvottur af og til seinna logn og heiðskírt. Lofth.: Mestur ÷ 1,5° Minstur ÷ 3,0°.

24/12. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 19-24. Veður: Stilt veður og snjókoma öðru hverju. Lofthiti: Mestur 1,4° Minstur ÷ 3,0°.

1925

2/1. Varð að lækka spennuna kl. 10-13 vegna vatnsskorts, hafði stíflast í opinu á Dimmu. Veður: Norðaustan kaldi, léttskýjað. Lofthiti: ÷ 0,3° til ÷ 3,6°.

3/1. Nokkur renslistregða var í ánni en 2 menn sem voru á verði við ána brutu stíflurnar úr. Veður: norðaustan gola léttskýjað. Lofthiti mestur ÷ 4,8°, minstur ÷ 9,5°.

4/1. Tveir menn voru á verði við árnar frá kl. 8-17. Veður: austan gola, skýjað. Lofth. Mestur ÷ 4,4 Minstur ÷ 8,2°.

9/1. Varð að lækka spennuna frá kl. $19^{10}$ til kl. $20^{45}$, sökum vatnsskorts. Veður: suðaustan stinningskaldi og síðar stormur með fannkomu. Lofthiti: Mestur 3,7 Minstur ÷ 2,2°.

29/1. Kl. $3^{30}$ urðu 3 menn frá stöðinni að fara upp að Árbæjarstíflu vegna grunnstinguls á ristunum og standa þar á verði til kl. 8. Tveir menn á verði við þróna frá kl. 21-24. Veður: austan stinnings kaldi og skýjað, snjókoma með kvöldinu. Lofthiti: Mestur 1,2° Minstur 0,2°.

30/1. Tveir menn á verði við þróna frá kl. 0-$9^{20}$ og frá $9^{41}$ - 24. Straumlaust var frá kl. $9^{44}$ til kl. $9^{49}$ sökum ístruflana við þróna. Spennan lægri en 6000 V í ca. 40 mín. Veður: vestan og suðaustan gola, snjókoma öðru hverju. Lofthiti: Mestur ÷ 1,0° Minstur: ÷ 4,5°.

11/2. Voru 3 menn á verði við þróna frá kl. $18^{24}$ sökum kraps, sem barst inn í þróna. Veður: norðan og norðaustan kaldi fremur léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 5,0° Minstur ÷ 5,6°.

12/2. Voru 3 menn á verði við þróna frá kl. 15-20 vegna kraps í þrónni. Norðaustan kaldi fremur léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 2,1° Minstur ÷ 4,4°.

17/2. Um kl. 19 varð að taka vél II úr sambandi sökum vatnsskorts; áin hafði stíflast svo lækkaði í lóninu, en þegar hún braust fram aftur og hækkaði í lóninu barst krap á ristarnar. Tveir menn voru á verði við þróna frá kl. 19-22. Spennan var lægri en 5000 v. frá kl. $19^{08}$ til $20^{10}$. Veður: austan gola, skýjað. Lofth. Mestur1,2 Minstur ÷ 0,5°.

19/2. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 18-21. Veður: suðaustan kaldi og skýjað framan af, síðan austan stormur með fannkomu. Lofthiti: Mestur ÷ 0,1 Minstur ÷ 3,2°.

20/3. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. $4^{30}$ til kl. 10, sökum ístruflana. Veður: austan andvari heiðskírt.
Lofthiti: Mestur ÷ 1,5 Minstur ÷ 8,1°.

24/3. Voru 3 menn á verði við þróna frá kl. $2^{10}$ til kl. 8, sökum ístruflana við þróna.
Veður: norðaustan og austan andvari, léttskýjað
Lofthiti: Mestur 0,9° Minstur ÷ 2,5°.

26/3. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 22-24. Veður: vestan andvari og úðarigning, seinni part dags, norðan gola léttskýjað.
Lofthiti: Mestur 2,0° Minstur ÷ 5,5°.

27/3. Voru 3 menn á verði við þróna frá kl. 0-9.
Veður: stilt breytilegt átt til kl. 19 eftir það suðaustan gola og snjókoma. Lofthiti: Mestur 1,o° Minstur ÷ 6,0°.

30/3. Voru 3 menn á verði við þróna frá kl. $5^{45}$ til kl. 9, sökum ístruflana, og frá kl. 22 - 24.
Veður: Norðan stormur og léttskýjað, en hægði og þyknaði í lofti með kvöldinu. Lofth.: Mestur 0,0° Minstur ÷ 2,2°.

31/3. Tveir menn á verði við þróna frá kl. 0-2. Veður: austan gola og fannkoma. Lofth. Mestur 2,6° Minstur ÷ 3,1°.

1/4. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 22-24°.
Veður: logn og snjókoma; seinna norðaustan kaldi, léttskýjað.
Lofthiti: Mestur ÷ 1,6 Minstur ÷ 8°.

2/4. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-2 og 5 menn frá kl. 2-4 og 5-7 menn frá kl. 4-9. Um kl. 3 var flóðgáttin í Dimmu alveg lokuð af ís.
Spennan var lægri en 5800 V frá kl. $0^{20}$ til $6^{10}$. Veður: norðan og norðaustan gola, heiðskírt. Lofthiti: Mestur ÷ 5,1°
Minstur ÷ 9°.

3/4. Voru 5 menn á verði við þróna frá kl. 0-8. Árbæjarlónið al lagt.
Veður: austan stinnings kaldi, alskýjað, hægði og létti til með kvöldinu. Lofth. Mestur ÷ 3,7° Minstur ÷ 5.5°.

7/11. Voru 5 menn á verði við þróna frá kl. 19-21 og 9 menn frá 21-24.
Veður: austan blær, léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 0,8°
Minstur ÷ 4,0°.

8/11. Voru 9 menn á verði við þróna frá kl. 0-$11^{30}$. Tveir menn voru á verði frá kl. $11^{30}$ til kl. 24. Veður: Stilt og bjart veður.
Lofthiti: Mestur ÷ 3,8 Minstur ÷ 6,5°.

9/11. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-8. Veður: austan andvari heiðskírt. Lofthiti: Mestur ÷ 2,5° Minstur ÷ 5,1°.

29/11. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 12-14. Sjö menn frá kl. 14-17 og 12 menn frá kl. 17-24. Veður: Norðan kaldi, léttskýjað.
Lofthiti: Mestur ÷ 0,6° Minstur ÷ 4°

30/11. Voru 11 menn á verði við þróna frá kl. 0-9. Veður: stilt veður og heiðskírt, með kvöldinu suðaustan gola og lítilsháttar snjókoma. Lofthiti: Mestur 3,7° Minstur ÷ 1,4°.

5/11. Voru 6 menn á verði við þróna frá kl. 18 og 11 menn frá kl. 21-24. Veður: norðaustan og norðan kaldi og skýjað fyrst en heiðskírt með kvöldinu. Lofth.: Mestur 6,o° Minstur ÷ 4,0°.

6/12. Voru 11 menn á verði við þróna frá kl. 0-11. Töluvert krap í þrónni. Veður: austan kaldi og léttskýjað fyrst, síðar krapaúrkoma. Lofth. Mestur 5,4° Minstur ÷ 0,2°.

8/12. Voru 7 menn á verði við þróna frá kl. $21^{30}$ til 24°.
Veður: norðaustan kaldi og stormur með krapaúrkomu með kvöldinu birti í lofti. Lofth. Mestur 2,0° Minstur 0,5°.
Spennufall eftir kl. $21^{34}$ vegna ístruflana í þrónni.

9/12. Voru 7 menn á verði við þróna frá kl. 0-8 og 12 menn frá kl. 8-24.
Veður: norðan hvassviðri léttskýjað.
Lofthiti: Mestur ÷ 1,0 Minstur ÷ 2,5°.

10/12. Voru 12 menn á verði við árnar og þróna frá kl. 0-9 og 8 menn frá kl. 9-19. Fjórir menn á verði frá kl. 19-24. Kl. 13 hætti að setjast á ristarnar, en þá fór að minka renslið í ánum sökum kraps, var ekki komið fullt rennsli fyr en kl. $23^{00}$.
Veður: norðaustan og austan kaldi léttskýjað. Lofth. Mestur ÷ 4,5° Minstur ÷ 6,8°.

11/12. Voru 4 menn á verði við árnar frá kl. 0-8 og 5 menn frá kl. 8-17.
Lofthiti: Mestur ÷ 8,1 Minstur ÷ 9,0°.

18/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. $6^{30}$ til kl. 16. Vatnsskortur var vegna stíflu í flóðgáttinni í Dimmu. Straumlaust var frá kl. $8^{56}$ til $9^{23}$ sökum vatnsskorts.
Veður: Stilt veður, léttskýjað. Lofth. Mestur ÷ 3,3 Minstur ÷ 6,0

19/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 8-20. Veður austan andvari léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 6,6 Minstur ÷ 7,5°.

20/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 8-20. Veður: norðaustan gola skýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 4,00 Minstur ÷ 7,2°.

22/12. Vatnsskortur varð vegna norðaustan storms frá kl. 17-21. Var á tímabili ekki stætt á Árbæjarstíflu. Spennan lækkaði allt niður í 4100 V. Full spenna kl. 23. Lofthiti: Mestur ÷ 2,9° Minstur ÷ 5,0°.

23/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 8-14 og 4 menn frá kl. 14-17. Veður: Stilt veður, heiðskírt. Lofthiti Mestur ÷ 5,0 Minstur ÷ 9,5°.

24/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 8-19. Veður: norðaustan og austan gola, heiðskírt. Lofth. Mestur ÷ 7,5° Minstur ÷ 9,3°.

25/12. Tveir menn á verði við árnar frá kl. 8-17. Veður: norðaustan stinnings kaldi, léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 3,3° Minstur ÷ 10,2°.

26/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 7-16. Veður: hæg norðaustan átt léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 3,0° Minstur ÷ 4,5°.

27/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 8-17. Veður: norðaustan gola, léttskýjað. Lofth.: Mestur ÷ 3,1 Minstur ÷ 10,0°.

28/12. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 8-17. Veður: austan gola léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 5,0° Minstur ÷ 6,6°.

29/12. Tveir menn á verði við árnar frá kl. 8-17. Veður: austan andvari, léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 2,7° Minstur ÷ 8,4°.

30/12. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 8-17. Veður: austan blær, léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 8,0° Minstur ÷ 10,6°.

1926

2/1. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 8-17. Veður: austan kaldi snjókoma. Lofth.: Minstur ÷ 2,2° Mestur 0,3°.

15/1. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 7 og 5 menn eftir kl. 8, en 12 menn frá kl. 13-24. Veður: austan gola, skýjað. Lofth. Mestur ÷ 0,3°. Minstur ÷ 1,5°.

16/1. Voru 13 menn á verði við árnar frá kl. 0-7 og 7 menn frá kl. 7-12. Veður: austan kaldi með úrkomuvott, skýjað. Lofth.: Mestur 4,4° Minstur 2,1°.

17/1. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 16-24. Veður: Austan gola og skýjað. Logn og léttskýjað eftir kl. 16. Lofthiti: Mestur 2,5° Minstur ÷ 0,5°.

18/1. Tveir menn á verði við þróna frá kl. 0-14. Veður: Stilt veður og léttskýjað fram eftir degi, alskýjað eftir kl. 22. Lofthiti: Mestur 0,2° Minstur ÷ 1,1°.

24/1. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 5$^{30}$ til kl. 14. Vatnsskortur varð sökum þess að stíflast hafði flóðgáttin í Dimmu. Frostlaust var í stöðinni alla nóttina og ca. + 0,5° þegar komið var að Dimmu. Veður: Austan gola, síðar hvassviðri og úrkomuvottur. Lofthiti: Mestur 4,0° Minstur 1,5°.

6/2. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 20-24. Veður: Suðaustan gola og úrkomuvottur, seinna stilt veður, léttskýjað. Hiti: Mestur 3,2° Minstur ÷ 1°.

7/2. Tveir menn á verði við þróna frá kl. 0-9. Veður: logn og heiðskírt fyrst, síðar stilt veður, skýjað. Hiti: Mestur 2,0° Minstur ÷ 2,0°.

19/2. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 19-24. Veður: austan gola léttskýjað. Hiti: Mestur 3,4°. Minstur 0,5°.

20/2. Voru 8 menn á verði við þróna frá kl. 0-12 og 2 menn frá 17.-19, en 8 menn frá 19-24. Á milli kl. 6 og 7 voru 4 af efri ristunum teknar úr til reynslu. Veður: austan gola léttskýjað. Hiti: Mestur 2,5° Minstur ÷ 0,5°.

21/2. Átta menn voru á verði við þróna frá kl. 0-6. Veður: austan og suðaustan gola, skýjað. Hiti: Mestur 4,0° Minstur 2,1°.

1/3. Voru 2 menn á verði við þróna frá kl. 0-9. Veður: Stilt veður, lítilsháttar snjókoma. Hiti: Mestur 1,6°. Minstur ÷ 1,6°.

3/3. Voru 2 menn á verði við þróna frá 0-11 og frá 17-24. Veður: austan gola, snjókoma. Hiti: Mestur ÷ 3,7° Minstur ÷ 6,3°.

4/3 . Voru 2 menn á verði við þróna og árnar frá kl. 0-2. Stilt veður, léttskýjað. Hiti: Mestur ÷ 0,5° Minstur ÷ 7,3°.

28/3. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 7-11 og frá kl. 13-20 en 7 menn frá 20-22 og 12 menn frá kl. 22 -24. Veður: Norðaustan stinnings kaldi og stormur, skýjað. Hiti: Mestur ÷ 3,2° Minstur ÷ 5,4°.

29/3. Voru 12 menn á verði við þróna og árnar frá kl. 0-10 en 7 menn frá kl. 10-13, tveir frá 13-15 og 5 menn frá kl. 19-24. Veður: norðan hvassviðri, skýjað. Hiti: Mestur ÷ 3,0° Minstur ÷ 4,8°.

30/3. Voru 5 menn á verði við þróna og árnar frá kl. 0-7. Veður: minkandi norðaustan hvassviðri, léttskýjað. Hiti: Mestur ÷ 1,0° Minstur ÷ 5,2°.

12/5. Í dag voru efri ristarnar settar í þróna aftur.

11/10. Voru 5 menn á verði við þróna frá kl. $21^{\underline{30}}$ til kl. 23 og 8 menn frá kl. 23-24. Efri ristarnar voru teknar úr þrónni kl. $22^{\underline{30}}$. Straumlaust var frá kl. $22^{\underline{03}}$ - $22^{\underline{50}}$ vegna ís-truflana við þróna. Veður: austan andvari, léttskýjað. Hiti: Mestur 0,0 Minstur ÷ 2,0°.

12/10. Voru 11 menn á verði við árnar frá kl. 0-10. Frá kl. 10-18 var einn maður á verði við árnar og frá kl. 18-24 voru 5 menn á verði. Veður: norðan og norðaustan andvari, léttskýjað. Hiti: Mestur ÷ 2,4° Minstur ÷ 5,5°.

13/10. Fimm menn voru á verði við árnar frá kl. 0-6 og 3 menn frá kl. 6-8. Veður: austan kaldi léttskýjað. Hiti: Mestur ÷ 0,2°. Minstur ÷ 5,3°.

21/10. Voru 3 menn á verði við árnar frá kl. 18-24. Veður: Stilt veður heiðskírt. Hiti: Mestur ÷ 3,3° Minstur ÷ 5,8°.

22/10. Þrír menn á verði við árnar frá kl. 0-8 og 2 menn frá kl. 18-24. Hitinn í vatninu við Elliðavatnsstíflu var kl. $15^{00}$, 1,7°, við efri veiðimannahús kl. $15^{\underline{30}}$, 1,0° og við endann á Árbæjarlóni kl. $15^{\underline{42}}$, 0,9°. Veður: austan gola, léttskýjað. Hiti: Mestur ÷ 0,8° Minstur ÷ 4,6°.

23/10. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 0-6 og 8 menn frá kl. 6-15 en 9 menn frá kl. 15-24. Veður: norðaustan kaldi heiðskírt. Hiti: Mestur ÷ 0,5° Minstur ÷ 3,5°.

24/10. Fimm menn á verði frá kl. 0-8. Vatnshiti í flóðgátt Dimmu Kl. 8, 0,8°, við efri veiðim.hús, kl. $8^{20}$, 0,6° og við endann á Árbæjarlóni kl. $8^{45}$ 0,1°. Veður:Stilt veður, léttskýjað. Hiti: Mestur ÷ 2,1° Minstur ÷ 5,0°.

25/10. Vatnshiti við Elliðavatnsstíflu kl. $15^{00}$, 0,5° ; efri veiðim.-hús 0,3° og við Árbæjarlón 0,1°.

28/10. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. $4^{20}$- $8^{00}$. Vatnshiti við Elliðavatnsstíflu Kl. $14^{20}$ var 0,9°, við efri veiðim.hús 0,8° og við Árb.lón 0,5°. Veður: austan kaldi, léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 3,0° Minstur ÷ 5,8°.

2/11. Vatnshiti í Elliðavatni kl. $14^{00}$ var 1,0° við efri veiðim. hús 0,6° og við lónið 0,2°. Veður: austan gola, léttskýjað. Lofthiti: Mestur ÷ 4,4° Minstur ÷ 6,4°.

5/11. Vatnshiti í Elliðavatni og við Árbæjarlón 0,5°. Lofthiti: Mestur ÷ 2,2° Minstur ÷ 4,5°.

9/11. Vatnshiti við Elliðavatn 1,0°, við efri veiðim.hús 0,9° og í Árbæjarlóni 0,9°. Veður: norðan stinnings kaldi og skýjað fyrst síðar austan gola, skýjað. Lofthiti: Mestur 3,9°. Minstur 2,2°.

12/11. Voru 3 menn á verði við Þróna frá kl. 9-12 vegna kraps á ristunum, 2° hiti var á Árbæjarstíflu og austan stinnings kaldi. Í Elliðaárstöð mældist lofthiti 0,4° kl. $8^{00}$ kl. 16 2,8° og 4,0° kl. 24.

16/11. Hiti vatnsins við Elliðavatnsstíflu 0,4° við efri veiðim.hús 0,2° og við Árbæjarlón 0,1°. Tveir menn voru á verði við árnar frá kl. 17-24. Veðrið var norðaustan blær og með kvöldinu suðaustan gola, skýjað. Lofthiti: Mestur 0,8° Minstur ÷ 1,7°.

17/11. Frá kl. 0-8 voru 2 menn á verði. Veður: Suðaustan gola, skýjað og lítilsháttar snjókoma. Lofth.:Mestur 2,8° Minstur 1,0°.

18/11. Voru 5 menn á verði við árnar frá kl. 5-11. Grunnstingull var á ristunum á sama tíma. Lofthiti við Árbæjarstíflu var 6,0° kl. $7^{00}$. Tveir menn voru á verði við Þróna frá kl. 17-24. Veður: austan gola, heiðskírt. Lofthiti: Mestur ÷ 0,3°. Minstur ÷ 4,0°.

19/11. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 0-8. Vatnshiti í Dimmu 0,2° við efri veiðim.hús og Árbæjarlón 0°. Veður: Stilt veður heiðskírt. Lofthiti: Mestur ÷ 4,6° Minstur ÷ 6,0°.

26/11. Vatnshiti í Dimmu 0,5°; við efri veiðim. hús og Árbæjarlón 0,4°. Veður suðvestan og suðaustan gola og éljagangur. seinna sunnan hvassviðri með skúraleiðingum. Lofthiti: Mestur 5,2° Minstur 0,8°.

3/12. Vatnshiti við Elliðavatnsstíflu 0,1° kl. 15, við efri veiðim.-hús og Árbæjarlóni 0,0°. Veður: austan gola léttskýjað. Lofthiti mestur ÷ 5,5°. Minstur ÷ 7,5°.

10/12. Vatnshiti við Elliðavatnsstíflu 0,o og sama hitastig var við efri veiðim.hús og Árbæjarlóni. Veður: vestan kaldi og éljagangur. Mestur lofthiti 1,0° Minstur 0,0°.

17/12. Kl. 10 varð að lækka spennuna vegna þess að krap og slý hafði sest á ristarnar, 7 menn voru sendir upp eftir til að hreinsa það í burt, kl. $11^{20}$ allt komið í lag aftur. Vatnshiti í Dimmu 0,2° við efri veiðim.hús og Árbæjarstíflu 0,0°. Tveir menn á verði við árnar frá kl. 17-22. Veður: Stilt og léttskýjað. Mesti lofthiti÷ 1,0° Minsti ÷ 4,5°.

30/12. Voru 4 menn á verði við þróna frá kl. $14^{30}$ - $16^{00}$ Sex menn frá kl. 16-$17^{30}$, 10 menn frá kl. $17^{30}$ - 22. Fjórir menn frá kl. 22 - 24. Veður: norðvestan kaldi, snjókoma. Mestur hiti ÷ 1,0° Minstur ÷ 4,8°.

31/12. Frá kl. 0-8 voru 4 menn á verði við þróna. Veður: austan kaldi snjókoma og skafrenningur. Mestur hiti ÷ 5,0° Minstur ÷ 9,0°.

1927

24/1. Lofthiti við Elliðavatnsstíflu kl. 8, ÷ 2,0°. Rennslistruflanir í ánni frá kl. 14-$17^{10}$, vegna þess að skafið hafði í ána og var hún öll meira og minna stífluð alla leið frá Grænugröf og upp eftir. Árbæjarlónið virðist vera orðið fullt af krapi undir ísnum. Straumlaust var frá kl. $16^{25}$ - $16^{45}$, vegna vatnsskorts. Veður: austan stormur og skafbilur framan af, síðar austan stormur og rigning. Mestur hiti kl. 24 4,0° Minstur hiti kl. 8 ÷ 2,1°.

22/2. Voru 3 menn á verði við árnar frá kl. $6^{30}$ - $17^{00}$. Lofthiti á Árbæjarstíflu ÷ 2,0° kl. 7. Lofth. á Elliðavatnsstíflu ÷ 1,0° kl. $9^{15}$. Átta menn voru á verði við árnar frá kl.17-$24^{0}$ Krap á ristunum frá kl. $6^{20}$ til kl. 13, og frá kl. 19-24. Veður: austan gola léttskýjað. Mestur hiti 0,0° Kl. 15. Minstur ÷ 4,7° kl. 24.

23/2. Lofthiti við Elliðavatn ÷ 6° Kl. $7^{15}$ og ÷ 1° kl. $14^{20}$. Voru 8 menn á verði við árnar frá kl. 0-8. Krap var á ristunum frá kl. 0-1, en þá var Árbæjarlónið alísa. Veður: hæg austan átt, heiðskírt. Mestur lofth. - 0,8° kl. 16 Minstur ÷ 6,4° kl. 24.

5/3. Voru 2 menn á verði við árnar frá kl. 0-$7^{30}$. Lofthiti við Elliðavatnsstíflu kl. $10^{20}$ ÷ 1,5°. Veður: austan gola, heiðskírt. Mestur hiti ÷ 0,6° Minstur ÷ 7,2°.

6/3. Tveir menn á verði við þróna frá kl. 0-9 og frá kl. 21-24. Lofthiti á Elliðavatnsstíflu ÷ 3,0° kl. $7^{30}$. Veður: norðaustan kaldi skýjað. Mestur hiti ÷ 1,1° Minstur ÷ 5,o°.

7/3. Voru 2 menn á verði við árnar kl. 0-8. Krapavottur frá kl. 4 - 7. Nokkuð krap er í ánni fyrir neðan stöð. Lofthiti kl. 9 við Elliðavatn ÷ 3,0°. Veður: austan gola léttskýjað. Lofthiti kl. 8, ÷ 5,3° kl. 16, ÷ 0,2°.

29/4. Var 1 maður á verði við árnar frá kl. 4-8. Nokkuð krap var á ristunum til kl. 6 en þa´var Árbæjarlónið að mestu leyti lagt. Veður: norðaustan kaldi, léttskýjað. Lofthiti kl. 8 ÷ 2,3°,kl. 24 ÷ 5.0°.

22/5. Efri ristarnar látnar í þróna.

Ístruflanir í Ljósafoss-stöð

1942.

5/4 Krap fór að setjazt í ristarnar og innan í vél II. Var þá vél I tengd við til öryggis. Krapið fór að minnka kl. $10^{30}$ og eftir kl. $11^{30}$ virtist ekkert krap koma.
Vatnshiti var sem hér segir: 1,0° kl. 8, 1,5° kl. 16 og 1,1° kl. 24.
Lofthiti var á sama tíma ÷ 7,7°, ÷ 4,0° og ÷ 10,4°.
Veður: austan kaldi, heiðskírt.

1943.

21/1 Eftir kl. 12, byrjaði krap að setjazt í inntakslokuopin og fór vatnsrennslið að vélunum stöðugt minnkandi þar til kl. $21^{30}$ að stöðva varð vélarnar. Straumur var frá Ellíðaárstöð. Til kl. 24 var reynt að losa krap úr opunum en reyndist örðugt.
Vatnshiti var 1,2° kl. 8 og 1,0° kl. 16.
Lofthiti á sama tíma ÷ 2,0° og ÷ 3,8°.
Veður: austan kaldi, heiðskírt.

22/1 Frá kl. 0 var byrjað að tæma vélarnar, var vél II tæmd fyrst, kom þá í ljós að þéttur íshringur var um alla forspaðana og var hann svo fastur að það varð að höggva hann burt með hökum. Var unnið að þessu um nóttina með aðstoð 6 manna úr nágrenninu, þar til búið var. Vél II var sett inn kl. $7^{15}$ og vél I kl. $8^{24}$.
Vatnshiti var kl. 8 - 16 og 24, 1,2°, 1,2° og 1,1°.
Lofthiti var á sama tíma: 0,0°, 2,2° og 3,2°.
Veður: austan kaldi og léttskýjað fyrst, en þykknaði upp er leið á daginn og um kvöldið var orðið stillt veður og rigning.

1944.

1/3 Kl. $5^{50}$ varð vart við að krap var að setjazt í báðar vélarnar.
Vél II var tekin út og stöðvuð og lokan felld kl. $9^{15}$. Vél I var stöðvuð kl. $10^{40}$ og lokan felld.
Þegar mannsmuguopið var opnað kom í ljós að vélin var full af krapi. Kl. $13^{30}$ var byrjað að moka krap úr vélinni og var því lokið kl. $15^{30}$. Vélin var ræst og tengd við netið kl. $15^{50}$, en meðan á þessu stóð fengum við straum frá Elliðaánum. Vél II var ekki hægt að tæma, þar sem inntökulokan var óþétt, hún var ræst og tengd við netið kl. $18^{12}$ og virtist þá krapið tæmast úr henni við aukið álag. Kl. 21 var Reykjavík tengd við, en úr því byrjaði krap að setjazt í vélarnar aftur, þannig að álagið smá minnkaði enda þótt hjólopin væru þau sömu.
Vatnshiti mældist kl. 8-12-16-og 24, 1,0°, 1,1°, 1,1° og 1,0°.
Lofthiti á sama tíma: ÷ 13,8°, ÷ 11,6°, ÷ 11,2° og ÷ 11,4°.
Veður: norðan gola og kaldi, heiðskírt.

2/3 Kl. $1^{16}$ var vél II tekin úr sambandi og lokan felld, en lokaði ekki, voru gerðar margar tilraunir, en tókst ekki, sami árangur varð með vél I kl. $5^{30}$, var lokunartilraununum hætt og vélarnar látnar standa til kl. 9, þá komið það mikið krap undir lokuna á vél I, að hægt var að brjóta það

sem til náðist af krapinu á staghringnum með jarnstöng. Kl. $12^{15}$ var vél II sett í gang og látin ganga til þess að losa krapið undan lokunni sem tokst það vel, að þegar lokan var felld var hægt að skríða á planka inn í vélina og hreinsa það sem eftir var af krapi á staghringnum. Var því lokið kl. $16^{30}$, vélin var nú ræst og tengd við netið kl. $16^{52}$. Vél I tókst aldrei að tæma né opna. Var hún ræst kl. $15^{05}$ og tengd við netið, virtist krapið hreinsast úr vélinni, enda var þá krapmyndun í rénun.
Vatnshiti mældist kl. 8 - 12 - 16 og 24, 1,8°- 1,4°- 1,2° og 1,3°.
Lofthiti á sama tíma: ÷ 12,0° ÷ 11,2° ÷ 10,4° og ÷ 11,0°.
Veður: norðan kaldi, heiðskírt.

13/3 kl. $4^{30}$ var byrjað að taka ristar frá báðum inntaksopum. Kl. rúmlega 5 varð vart við krap, sem byrjað var að setjazt á staghringi í báðum vélum. Með því að láta Elliðaárstöð koma inn og jafna álagið, tókst að hreinsa krapið úr vélunum með því að hreyfa forspaða vélanna öðru hverju með gangráðunum. Um kl. $10^{45}$ var lónið að mestu lagt og krap-hættan liðin hjá.
Vatnshiti mældist kl. 8 - 12 - 16 og 24, 1,0°, 1,0°, 1,1° og 1,2°.
Lofthiti á sama tíma: ÷ 8,0°, ÷ 6,7°, ÷ 5,4° og ÷ 8,2°
Veður: norðan kaldi, léttskýjað.

1945.

3/1 Kl. $9^{30}$ varð þess vart að krap var farið að setjazt á forspaða á vél I og II. Var þá farið upp að stíflu og athugað útlitið þar. Krap var þá farið að setjazt á endana á ristunum, sem voru niður í vatninu, einnig var krap á kaðli, sem hékk niður úr palli í níunda inntaksopi á stíflunni en á keðju, sem hékk dýpra en kaðallinn var ekki sjáanlegt krap. Vél-unum var hægt að halda gangandi með því að hreyfa gangstilla þeirra öðru hverju, við það losnaði krapið af forspöðunum. Eftir kl. $11^{30}$ virtist heldur draga úr krapamyndun, þannig að vélarnar héldu sama hjólopi við óbreytt álag. Vél I var stöðvuð kl. $12^{26}$ til athugunar, en hún var alltaf heldur verri en vél II. Þegar hún var opnuð kom í ljós, að töluvert krap var ennþá á forspöðunum, einnig var kraplag innan á allri pípunni frá útvegg stöðvarhúss og upp að stíflu, ca. 2 cm á þykkt. Krapið á forspöð-unum var brotið af og mokað af túrbínunni, var hún síðan fyllt og vélin ræst kl. $15^{13}$. Eftir að vél I var ræst aftur og til kl. $19^{00}$ settizt krap í vél I og II, en minna en um morguninn. Krap var þó enn sjáanlegt á rist-unum og á keðjunni í inntaksskurðinum. Kl. $23^{30}$ var seinast athugað krap við stífluna. var þá enn sjáanlegt krap á keðjunni, en hjólop vélanna virtist vera eðlilegt miðað við álag þeirra. Í vél III var aldrei hægt að sjá að neitt krap settizt.
Vatnshiti kl. 8 - 12 - 16 og 24 var 1,1° - 1,1° 1,1° og 1,0°.
Lofthiti á sama tíma: ÷ 6,9°, ÷ 6,2°, ÷ 5,2° og ÷ 6,0°
Veður: norðan stinnings kaldi, skýjað og stundum skafrenningur.

4/1 Kl. $8^{15}$ var farið upp að stíflu og athugað útlitið, var þá allt krap horfið af ristaendunum og kaðli og keðju, einnig meðfram landi þar sem það sázt daginn áður, sem var mjög lítið, vegna þess að skarir voru meðfram landinu.
Vatnshiti mældist 1,1° allan daginn.
Á sama tíma var lofthiti ÷ 4,8°, ÷ 5,4°, ÷ 1,5° og + 3,3°.
Veður: stillt veður, skýjað og að lokum skúrir.

1946.

19/2 Þriðjudaginn 19. febr. hvessti af norðvestri. Vatnshiti 1,5° mælt í stöð um morguninn, en fór smá kólnandi um daginn og var kominn í 0,6° kl. $20^{00}$. Frá kl. 20 voru menn á verði við stífluna til þess að fylgjast með ef krap færi að myndast á köðlum þeim og keðjum sem sett voru í vatnið, við höfðan ofan við lónið. Kl. $22^{00}$ fór að sjázt krap meðfram landinu frá stíflu og að vörinni ofan við smiðju og áfram eftir grynningunum upp eftir. Um kl. 23 voru netin á flotbrúnni farin að fljóta upp af krapi og smá bættizt við um nóttina.
Lofthiti þennan dag var mestur ÷ 3,0°. Minnstur ÷ 5,7°.
Veður: norðvestan hvassviðri, léttskýjað.

20/2 Ekkert krap settizt í ca 1/4 af netinu næst stíflunni. Um hádegi var krapið farið að fljóta upp og minnka þar sem það hafði sezt. Ísspöng var komin þvert yfir lónið um morguninn en fór af þegar álag vélanna óx.
Mesta frost um nóttina var ÷ 8,5°.
Vatnshiti á venjulegum mælingatímum 0,6°, 0,7°, 0,8° og 0,9°.
Lofthiti á sama tíma: ÷ 6,2°, ÷ 4,2°, ÷ 4,2° og ÷ 5,2°.
Veður: minnkandi norðan gola, léttskýjað.

24/2 Laugard. 23. febr. var norðaustan kaldi, frost var ÷ 6,0° - ÷ 8,0° vatnið var 0,7° - 0,8° mælt í stöð, var þess vegna sett vakt við stífluna til þess að fylgjast með hvenær krap færi að myndast og hvar það væri mest áberandi. Krap sázt þó ekki fyrr en kl. að ganga sjö um morguninn þ. 24. Virtist það aðallega koma meðfram stíflugarðinum vestan úr lóninu. Meðfram landi frá stíflugarði að vörinni sázt krap aðeins á stöku stað. Fossinn var þá einnig farinn að krapa og urðu klappirnar í fossinum allar þaktar af krapi. Krapið varð þegar það mikið, að setjazt fór á staghringi á vél I og II, sem voru í gangi, það losnaði þó af að nokkru leyti þegar lokað var snöggt fyrir með gangráðum og þeir látnir opna aftur. Vél III var nú tengd við netið einnig Elliðaárstöðin, en vél I og II stöðvaðar og látnar standa kyrrar um nálægt klukkustund, lengur var það ekki hægt vegna þess að álag fór ört vaxandi, einnig af því að þá fór að setjazt á staghring á vél III. Frá kl. $9^{30}$ til kl. $11^{00}$ settizt allmikið krap á staghringi allra vélanna. Þær héldu þó nokkurn veginn fullu álagi með því að hreyfa öðru hvoru forspaða þeirra með gangráðunum. Eftir kl. $12^{30}$ bar minna á því að krap settizt á staghringana og um svipað leyti sázt að það var farið að losna í fossinum. Eftir kl. 12 varð ekki vart við krap í vélunum og fossinn hafði rutt öllu krapi af klöppunum.
Vatnshiti kl. 8 - 16 og 24 var 0,5°, 0,7° og 0,6°.
Lofthiti á sama tíma ÷ 8,2°, ÷ 6,0° og ÷ 8,0°.
Veður lygnandi, norðaustan kaldi, léttskýjað.

1947.

21/2 Föstud. 21. febr. kl. 8 var kuldinn í vatninu 0,6° í stöð og 0,2° á síritunarmælinum. Var þá maður sendur til aðgæzlu á báðum höfðum fyrir ofan lón og að Kvíanesi. Við Kvíanes var grunnstingull byrjaður að myndast og barst hann niður með landi frá Stapamýrinni. Voru þegar gerðar allar ráðstafanir gegn krapa við stíflu.

Loftþjappan gerð viðbúin, gufuþrýstingur hækkaður á kötlunum í lokuhúsi. Kl. $10^{25}$ byrjaði að setjazt krap á kælivatnsrist á stíflu, var þegar byrjað að dæla lofti niður fyrir ristina og hélzt hún hrein fram eftir deginum. Kl. $10^{40}$ fór krap að setjazt á staghringi vélanna, sérstaklega vél I og II, var þó hægt að halda þeim gangandi með sæmilegu álagi með því að hreyfa forspaða vélanna öðru hverju og hreinsa þannig krapið af forspöðum þeirra, gekk þetta þannig fram eftir deginum til kl. $21^{00}$ en þá jókst krapmyndunin mjög í lóninu og vélunum en var þó hægt með ofangreindri aðferð að halda þeim sæmilega hreinum til miðnættis að hægt var að stöðva vél I og II.
Vatnshiti var 0.5°,- 0,6°
Lofthiti var ÷ 0,6° til ÷ 0,8°.
Veður: norðaustan kaldi, léttskýjað.

22/2 Vél III var látin ganga um nóttina, því þar hafði krapsins minnst gætt. Krapmyndunin var sívaxandi og kl. $4^{00}$ var sýnt að vél III myndi ekki anna álaginu, var þá reynt að setja vél I og II af stað, en tókst ekki. Var þá fenginn mannafli til að hreinsa þær út, en vegna krapastíflu í aftappningsrist vélanna var ekki hægt að tæma þær það mikið, að hægt væri að fara inn í þær. Var þá horfið að því ráði að lyfta inntakslokunum lítillega með opnum forspöðum vélanna, með því eyddist krapið smám saman úr vélunum þar til þær fóru að snúast. Töluvert krap var í lóninu kl. 8 og kom það fram á vélunum en fór nú smáminnkandi, enda fór nú lónið að leggja allt upp fyrir eyjar. Um kl. $11^{00}$ virtist hjólop vélanna orðið eðlilegt miðað við álag þeirra og krap ekki sjáanlegt eftir kl. $14^{00}$.
Vatnshiti: 0,6° til 0,7°.
Lofthiti: ÷ 4,0° til ÷ 6,8°
Veður: norðaustan gola, léttskýjað.

1950.

14/3 Kl. $5^{30}$ varð fyrst vart við krap í vélum að litlu leyti, en um kl. $7^{00}$ fór að setjazt krap í vélarnar og þó sérstaklega í kaldvatnsrásum bæði að spennum og legum. Settur var fullur kraftur á eimkatla á stíflu og einnig hleypt niður að inntaksrist að kælivatnspípu. Við það losnaði krapið af ristinni og vélar og spennar fengu kælivatn, en annars hefði orðið að stöðva vélar vegna of mikils hita á spennum. Ristarnar voru að nokkru leyti uppi en nokkur hluti þeirra niður í vatninu. Vestari ristin við vél III var dregin upp vegna þess að krap settizt svo mikið á ristarendann að það dró að verulegu leyti úr rennsli til vélarinnar. Krapið fór ekki að losna úr vélunum fyrr en kl. $10^{30}$ en kl. $11^{30}$ var allt krap horfið úr vélunum.
Vatnshiti var 0,2°.
Lofthiti mestur ÷ 4,6°, minnstur ÷ 8,1°.
Veður: austan allhvasst, léttskýjað.

15/3 Talsvert krap var í vélunum frá miðnætti til kl. $11^{00}$
Vatnshiti: 0,1° til 0,2°.
Lofthiti: mestur ÷ 1,0° , minnstur ÷ 6,0°.
Veður: norðaustan og austan kaldi, léttskýjað.

1951.

21/2 Vart við krap í vélum. Kl. 8-12-16 og 24 var vatnshiti 0,1°-0,2°-0,3°og 0,3 Á sama tíma var lofthiti ÷ 1,0°, 0,2°, 1,4° og ÷ 0,4°. Fyrri part dagsins var norðan rok og léttskýjað en lyngdi eftir kl. 12 og um kvöldið var austan gola og snjókoma.

12/4 Kl. 5 varð vart við krap í vélunum. Kælivatn á spennum og burðarlegir vél III stöðvaðist öðru hverju. Vélunum var haldið í gangi með breytilegu álagi til kl. $8^{50}$, eftir það fór krapið minnkandi.
Vatnshiti var á venjulegum aflesturstíma: 0,1°-0,3°-0,7° og 0,4°.
Lofthiti á sama tíma: ÷ 6,0°, ÷ 3,3°, ÷3,5° og ÷ 8,5°.
Veður: norðan kaldi, léttskýjað.

9/12 Kl. $2^{00}$ varð vart við krapa í vél I og II. Krapamyndunin var svo ör, að eftir 20 mín. var erfitt að halda vélunum gangandi en um kl. 9 fór krapið minnkandi og um kl. $9^{30}$ var hjólop vélanna orðið eðlilegt.
Kl. 8-12-16 og 24 var vatnshiti í stöð 0,0°.
Lofthiti á sama tíma ÷ 11,0°, ÷ 10,6°, ÷ 10,2° og ÷ 11,8°.
Veður: norðan stinnings kaldi, léttskýjað.

1953.

30/1 Kl. $16^{30}$ varð vart cið krapamyndun, sérstaklega settizt krap í kaldvatnspípur spenna og burðarleg vél III. Með notkun eimkatla við kælivatnssigtin var hægt að halda rásunum opnum of kl. $18^{45}$ virtist draga úr krapinu en jókst aftur og kl. $21^{27}$ stöðvaðist allt kælivatn til spenna og burðarlegs vél III.
Vatnshiti var allan daginn 0,0°, og lofthiti á aflestrartímum ÷:9,5°, ÷ 8,0°, ÷ 8,4° og ÷ 8,8°.
Veður: austan og norðan kaldi, léttskýjað.

31/1 Frá kl. 0 - 8 var það mikið krap í vél I og II að þær framleiddu aðeins um 2 MW með fullu opi. Stillt veður var alla nóttina og frost frá ÷ 10° til 12°, svo skilyrði fyrir að lónið legði voru góð, enad var lónið að mestu lagt um kl. $5^{00}$, aðeins lítil vök norðvestur af smiðjunni. Upp úr þessu fór krapið að minnka og kl. $11^{00}$ var það alveg horfið úr vélunum.

1/4 Kl. $23^{30}$ fór að setjazt krap í kælivatnsrás að vél III.
Kl. 8-12-16 og 24 var vatnshiti í stöð 0,1°, 0,2°, 0,4° og 0,2°.
Lofthiti á sama tíma: ÷ 9,0°, ÷ 6,8°, ÷ 8,5° og ÷ 12,5°.

2/4 Um kl. 0 fór að setjazt í allar vélar og kælivatnsrásar að spennum. Með því að hleypa gufu á ristar fyrir kælivatni, fengu spennar nægilegt vatn, einnig var notað vatn frá neyzluvatnskerfi til kælingar. Þegar krapið var mest í vélunum framleiddi vél I 2,52 MW, vél II 2,28, en vél III fór ekki niður fyrir 5 MW. Kl. 6 fór að draga úr krapinu og kl. 7 var það að mestu leyti horfið.
Kl. 8-12-16- og 24 var vatnshiti í stöð: 0,0°, 0,0°, 0,1° og 0, 2°.
Lofthiti á sama tíma: ÷ 11,5°, ÷ 10,6°, ÷10,3° og ÷ 4,0°
Veður: norðan kaldi, léttskýjað.

1954.

6/2 Kl. $19^{13}$ leystu vélarnar út fyrir yfirstraum. Ástæðan var sú, að ís og krap settizt á ristarnar í Írafoss-stöð við það misstu vélarnar afl og leystu út. Ekki varð vart við krapmyndun fyrir ofan Ljósafoss-stöð en hins vegar var nokkurt krap fyrir neðan stöðina.
Vatnshiti úti kl. 8-12-26 og 24 mældist ÷:0,08°, ÷ 0,18°, ÷ 0,13° og ÷ 0.2°
Lofthiti á sama tíma: ÷ 5,5°. ÷ 5,2°, ÷ 7,5° og ÷ 9,4°.
Veður: norðaustan og austan kaldi, lygnandi með kvöldinu, léttskýjað.

7/2 Kl. $4^{50}$ varð vart við krap í vél I sem þó hvarf vonbráðar. Eftir það virtist kraphætta um garð gengin.
Vatnshiti úti kl. 8-12-16 og 24 mældist ÷ 0,15°, ÷ 0,2°, ÷ 0,1° og ÷ 0,01°
Lofthiti á sama tíma ÷ 12,0°, ÷ 9,8°, ÷ 8,8° og ÷ 11,2°.
Veður: norðan hægviðri, léttskýjað..

1957.

8/2 Um kl. 23 varð vart við krapamyndun fyrir ofan stöð og milli kl. 23 og 24 fór krap að setjazt í vélarnar en þó svo lítið að það kom ekki að sök. Fyrr um daginn, eða um kl. 16 byrjaði að setjazt krap á ristarnar í Írafoss--stöð.
Vatnshiti úti kl. 8-12-16 og 24 var 0,12°, 0,14°, 0,12° og 0,1°.
Lofthiti var 0,2°, ÷ 0,3°. ÷ 0,6° og ÷ 1,8°.
Veður: norðaustan allhvass, skafrenningur, léttskýjað.

9/2 Vottur af krapi var alla nóttina, en lítið settizt á vélarnar
Vatnshiti úti kl. 8-12-16 og 24 var ÷ 0,15°, ÷ o,15°, ÷ 0,12° og ÷ 0,1°.
Lofthiti: ÷ 1,5°, ÷ 1,0°, ÷ 1,1° og 0,0°.
Veður: norðaustan stinnings kaldi, skýjað.

10/2 Stíf luvarzla alla nóttina vegna hættu á krapi.
Vatnshiti úti var á venjulegum aflestrartíma ÷ 0,1°.
Lofthit á sama tíma: 0,6°, 1,5°, 0,2° og 1,4°.
Veður: austan hvassviðri, skafrenningur og síðar slydda.

11/2 Stífluvarzla alla nóttina.
Vatnshiti mældist ÷ 0,12°, ÷ o,1°, 0,08° og ÷ 0,15°.
Lofthiti á sama tíma 3,0°, 2,7°, 1,1°, og ÷ 1,2°.
Veður: austan hvassvirði, skýjað.

12/2 Kl. $4^{00}$ vara vart við krap í kælivatni á vél III og sömuleiðis varð vart við krap í vél II. Með því að hleypa gufu í rist kælivatnsins, tókst að halda rásinni opinni. Eftir kl. 7 varð lítið vart við krap í vélunum.
Vatnshiti úti kl. 8-12-16-og 24 mældist: ÷ 0,18°, ÷ 0,19°, ÷ 0,2° og ÷ 0,2°
Lofthiti var á sama tíma: ÷ 1,6°, ÷ 1,0°, ÷ 3,8° og ÷4,6°.
Veður: norðvestan kaldi, léttskýjað.

13/2 Um miðnætti fór að setjazt krap í ristar fyrir kælivatn að spennum. Mé því að hleypa gufu á ristarnar öðru hverju alla nóttina tókst að halda ristinni opinn . Krap settizt á stöpla og þverslár við inntökuop vélanna, það mikið, að lægra vatnsborð var fyrir innan en utan.
Ísinn og krapið var hreinsað frá, eftir því sem til náðist.
Vatnshiti: ÷ 0,18°, ÷ 0,18°, ÷ 0,19° og ÷ 0,08°.
Lofthiti á sama tíma: ÷ 4,1°, ÷ 3,2°, ÷ 1,9° og ÷ 6,8°.
Veður: austan kaldi, heiðskírt.

Útdráttur úr dagbók Ljósafoss-stöðvar

1960.

Sunnudaginn 14. febrúar 1960 var allhvasst norðan svo að ísinn á Þingvallavatni brotnaði og barst að inntökuopum stöðvarinnar. Kl. 3 voru afköst vélanna með eðlilegu hjólopi. Kl. $3^{20}$ var reynt að lyfta ristunum en tókst ekki og liðlega hálftíma síðar eða kl. $3^{59}$ leystu allar vélar út vegna vatnsleysis Lagísinn lagðist fastur á ristarnar og stíflaði þær gjörsamlega. Strax var hafist handa að reyna að hreinsa ristarnar en vegna mannfæðar sóttizt verkið seint, en að lokum tókst að höggva rás fyrir vatnið að vél III og var hún þá ræst og látin ganga á tómgangi. Smám saman stækkaði þessi rás af sjálfu sér vegna vatnsstraumsins. Unnið var alla nóttina við að halda þessum rásum opnum, en krap í vélunum var til trafala. Var nú snúið sér að vél I á sama hátt og komzt hún nokkuð fljótlega í gang eða kl. $13^{30}$.
Gangtímar vélanna þennan sólarhring voru: Vél I $8^{09}$ st. Vél II $3^{59}$ st. Vél III $3^{59}$ st.

Mánud. 15. febr. kl. $1^{56}$ var vél I tengd við netið og látin taka álag, sem fór smá vaxandi, enda minnkandi krap í vatninu og Úlfljótsvatn að mestu lagt. Kl. $5^{31}$ var vél III tengd við netið. Vinna við að fjarlægja ísinn af ristunum fór að ganga betur, þegar sá háttur var hafður á, að rista íshelluna í sundur með gufu í viðráðanleg stykki en lagísinn, sem hafði lagst flatur á ristarnar var runninn saman í stokk. Gangtími vélanna var þennan sólarhring:
Vél I $22^{04}$ st. Vél II $7^{35}$ st. og vél III $18^{29}$ st.

Samkvæmt dagbók Írafoss hefir gangtími vélanna verið, sunnudaginn 14. febr.: Vél I út $2^{20}$ vegna kraps. Sett inn aftur kl. $4^{10}$, út kl. $13^{05}$, inn $14^{46}$. Vél II út kl. $3^{25}$ vegna kraps, inn kl. $4^{50}$, út kl. $14^{48}$, inn kl. $16^{30}$.

Mánudag 15. febr. er vél I tekin út kl. $1^{33}$, inn kl. $2^{58}$.
Vél II út kl. $2^{59}$, inn kl. $6^{15}$.